



Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, kom ásamt fjölskyldu sinni í tveggja sólarhringa heimsókn til Kúbu í gær. Þetta er í fyrsta sinn í næstum 90 ár sem forseti Bandaríkjanna kemur í heimsókn til Kúbu. Á myndinni sjást Barack og Michelle, eiginkona hans, stiga út úr flugvél forsetans á Havana. Fyrir aftan þau sést í dætur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þingmenn ræða vantraust á Sigmund

Formaður Bjartrar framtíðar segir koma til greina að leggja fram vantrauststillögu á forsætisráðherra. Ástæðan er upplýsingar sem birtust um fjármál eiginkonu ráðherrans í síðustu viku. Formaður VG segir einstaka þingmenn hafa rätt þennan möguleika.

**STJÓRN MÁL** „Við höfum velt þessu upp í okkar samræðum. Þetta er einhvern veginn alveg fordæmalaus staða og kemur alveg vel til greina,“ segir Óttar Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, aðspurður hvort til greina komi að leggja fram vantrauststillögu á Sigmund Davíð

Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Greint var frá því í kvöldfréttum RÚV í gær að slík vantrauststillaga hefði verið til umræðu innan allra stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi. Ástæðan er upplýsingar sem bárust í síðustu viku um að Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona ráðherrans, eigi

verulegar eignir inni í félaginu Wint-ris, sem skráð er á Bresku Jómfrúreyjunum og félagið hafi lýst kröfum í slitabú föllnu bankanna.

Ekki er minnst á félagið í hagsmunaskrá en ráðherra er ekki skylt að gefa upp séreignir maka. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, sagði

við RÚV að óhugsandi væri að forsætisráðherra sæti áfram í ljósi nýrra upplýsinga. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir ekkert hafa verið ákveðið um að leggja fram vantrauststillögu á ráðherrann. „Ég hef heyrt af þessum vangaveltum en við höfum ekki rætt það í okkar

þingflokk,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um mögulega vantrauststillögu.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, tekur í sama streng. „Það hefur ekkert verið rætt formlega innan þingflokks VG en þetta hefur verið til umræðu hjá einstaka þingmönnum.“ – jhh

### Burt Bacharach heldur tónleika á Íslandi

**DÆGUR MÁL** Einn þekktasti núlifandi lagahöfundur heimsins, Burt Bacharach, heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu þriðjudaginn 12. júlí næstkomandi. „Burt hélt ógleymanlega tónleika í fyrra, þegar hann spilaði fyrir framan 100.000 gesti á Glastonbury-hátíðinni. Hann hefur alls staðar verið að fá frábæra dóma,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson sem stendur fyrir tónleikunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Bacharach heldur tónleika á Íslandi. – glp / sjá síðu 30



Burt Bacharach

### Fjölgun fulltrúa kallar á breytingar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Yfirvofandi fjölgun á borgarfulltrúum gæti kostað 56 milljónir á ári ef rýnt er í launatölur.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg yrði stjórnarháttum borgarinnar hins vegar breytt með tilliti til fjölgunarinnar og þannig gæti kostaður verið óverulegur.

„Fyrstu greiningar sýna fram á það að kostnaður Reykjavíkurborgar getur orðið óverulegur ef þessi leið verður farin. Á þessari stundu er því ómögulegt að áætla kostnað við breytinguna, það eina sem liggur fyrir er að ekki verður um að ræða viðbót á sömu forsendum og nú gilda,“ segir í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

– srs / sjá síðu. 4

#### Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Erna Indriðadóttir skrifar um fordóma gagnvat eldra fólki. **12-16**

**SPORT** Anita varð fimmta á HM. **18**

**LÍFID** Annars árs fátahönnunarnemar við Listaháskóla Íslands sýndu útkomu samstarfs við Rauða krossinn í Hörpu. **28-30**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

Pinex®  
Smelt  
Munndreifitöflur  
250 mg



Actavis

-13 KR.  
Í HEILA VIKU


5 KR. TIL  
MOTTUMARS  
AÐ AUKI

SKRÁNING Á ÓB.IS

MOTTU  
MARS



## Veður



Í dag er gert ráð fyrir suðlægri eða breytilegri átt, víða 3-8. Dálítil rigning eða súld og líkur á slyddu inn til landsins, en þurr að mestu austan til á landinu. Hiti 1 til 6 stig, mildast um landið sunnanvert. **SJÁ SIÐU 20**

## Ógnaði manni með hnífum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fer-tugsaldri var handtekinn í miðbæ Reykjavíkur um klukkan hálf tíu í gærmorgun vegna brota á vopna-lögum. Að því er segir í tilkynningu frá lögreglu var maðurinn með tvo hnífa á sér og hafði verið að ógna öðrum karlmanni með þeim.

Sá sem bar hnífana er sagður hafa verið í talsvert annarlegu ástandi vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu og var vistaður í fanga-klefa.

Lögregla var einnig kölluð á vettvang í miðbænum um klukkan fimm aðfaranótt sunnudags vegna tilkynningar um líkamsárás. Þar hafði karlmaður verið ítrekað sleginn í andlitið og þurfti hann að leita sér aðstoðar á slysideild.

Árásarmaðurinn var farinn þegar lögreglan kom á vettvang en upplýsingar eru sagðar liggja fyrir um hann. – **bá**

## Námsmenn létust í rútuslysi

**SPÁNN** Minnst þrettán manns létu lífið í rútuslysi rétt fyrir utan Barcelona í gær. Rútan ók á bíl sem kom úr gagnstæðri átt, ökumaður og farþegi í þeim bíl komust lífs af.

Flestir þeirra látnu eru skipti-nemar en 57 nemendur á vegum Erasmus voru um borð í rútunni sem var á leið til Barcelona eftir útihátíð um helgina.

43 slösuðust og 28 það alvarlega að þurfti að færa þau á spítala. Ekki er búið að bera kennsl á þá látnu en í rútunni voru meðal annars nemendur frá sextán mismunandi löndum. Einungis konur létu lífið í slysinu.

Tildrög slyssins eru nú til rannsóknar. Rútubílstjórinn lifði slysið af og hefur verið færður í hendur lögreglu. – **srs**

## Á þriðja tug keppenda í súludansi



Á þriðja tug þátttakenda spreyttu sig á Íslandsmótinu í súludansi sem fram fór í Gamla bíói í gær. Troðfullt var í húsinu og kepptu bæði kynin en jafnframt var keppt í mörgum aldurshópum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fyrirverandi ráðherra látinn

**DANMÖRK** Anker Jørgensen, fyrirverandi forsætisráðherra Dana, er látinn 93 ára að aldri. Hann var forsætisráðherra á árunum 1972-1973 og aftur á árunum 1975-1982. Hann var formaður Sósíaldemókrata-flokksins á árunum 1973-1987.

Lars Christensen, alþjóðahagfræðingur og fyrirverandi aðalhaf-fræðingur Danske Bank, minnst Jørgensen á Facebook í gær. Hann segist ekki hafa verið mikill aðáandi Jørgensens sem forsætisráðherra en að viðfangsefni í dönskum stjórnmálum hafi verið mjög erfitt á síðari hluta áttunda áratugnum.

„Áföllin í dönskum stjórnmálum í lok áttunda áratugarins voru mjög mikil og Danir hefðu staðið frammi fyrir miklum vanda, óháð því hver væri forsætisráðherra.“ – **jhh**

## Stjórnendur banka og gjaldkerar hækka mest

Laun starfsmanna fjármálafyrirtækja hafa hækkað um allt að fjórðung síðustu þrjú ár. Mest hafa laun gjaldkera og stjórnenda hækkað. Fleiri segjast ánægðari með laun sín en áður. Meðallaun gjaldkera eru rúmar 430 þúsund krónur.

**KJARAMÁL** Gjaldkerar, millistjórnendur og stjórnendur eru þeir starfsmenn fjármálafyrirtækja sem mest hafa hækkað í launum síðustu þrjú ár. Þetta kemur fram í nýrri kjarakönnun Samtaka starfsmanna sem framkvæmd var í febrúar síðastliðnum. Meðalheildarlaun þeirra sem tóku þátt í könnuninni nema 692 þúsund krónum samkvæmt könnuninni og hafa hækkað um 18 prósent frá síðustu könnun samtakanna sem gerð var í febrúar árið 2013.

Gjaldkerar hafa hækkað um 27 prósent í launum á þremur árum og eru heildarlaun þeirra að meðaltali 434 þúsund krónur á mánuði en voru 342 þúsund krónur í febrúar 2013.

Þá hafa laun millistjórnenda í bankakerfinu hækkað um 26 prósent og eru nú 801 þúsund krónur að meðaltali. Laun stjórnenda bankanna nema að meðaltali 1.226 þúsund krónur á mánuði og hafa hækkað um 21 prósent milli kannana.

Meðallaun sérfræðinga eru 720 þúsund krónur á mánuði og hafa hækkað um 13 prósent á milli kannana. Talsverður launamunur er þó meðal sérfræðinga fjármálafyrirtækja. Þannig eru sérfræðingar sem starfa í eignastýringu með 852 þúsund krónur í laun að meðaltali en sérfræðingar í einstaklingsráðgjöf með að meðaltali 524 þúsund krónur í laun á mánuði.

Hlutfall starfsmanna fyrirtækjanna sem segjast mjög eða frekar ánægðir með laun sín hækkaði um 4,9 prósentustig milli kannana og nam 79,6 prósentum í könnuninni.

Þá telur SSF áhyggjuefni hve margir

» Meðalheildarlaun karla voru 822 þúsund krónur en kvenna 609 þúsund krónur á mánuði

692

þúsund voru meðalheildarlaun þeirra sem svöruðu

» Meðallaun starfsmanna fjármálafyrirtækja

í þúsundum króna

1.226 24%  
Stjórnendur HÆKKUN\*

801 26%  
Millistjórnendur HÆKKUN

720 15%  
Sérfræðingar HÆKKUN

777 13%  
Tölvunarfræðingar og kerfisstjórar HÆKKUN

498 18%  
Ráðgjafar HÆKKUN

470 4%  
Fulltrúar HÆKKUN

434 27%  
Gjaldkerar HÆKKUN

Meðallaun allra 692  
Hækkuðu um 18%

\*% á milli kannana

## Færðu illt í magann af hátíðarmat?

Digestive Enzyme Complex inniheldur öll nauðsynleg meltingarensím og þar á meðal protease ensím sem hjálpar til við meltingu og niðurbrot á próteinum.

1–2 töflur með mat

Sölustaðir: Flest apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup og Heilsutorg Blómavals.





Innovation  
that excites

NISSAN PULSAR

# EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKIK FYLGJA ÖLLUM  
NÝJUM NISSAN PULSAR Í  
TAKMARKAÐAN TÍMA

**VISIA DÍSIL**  
**EYÐSLA 3,6 L/100 KM\***  
**3.290.000 KR.**

**ACENTA DÍSIL**  
**EYÐSLA 3,6 L/100 KM\***  
**3.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og samþætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómþækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölvu með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Á sjötta hundrad einhleypar konur eignuðust börn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Einhleypum mæðrum fjölgar

**DANMÖRK** Sifellit algengara er að einhleypar konur eignast börn í Danmörku. Tölur frá Hagstofu Danmerkur sýna að fæðingum barna, þar sem fadir er óþekktur, hefur fjölgað stöðugt frá árinu 2012. Í fyrra komu 580 börn í heiminn þar sem börnin voru frjóvguð með tækni-frjóvgun og mæður voru einstæðar. Það samsvarar um 1 prósentu af fæðingum í Danmörku á þeim tíma. Flestar einhleypu konurnar sem koma í tæknifrjóvgun eru á bilinu 35-40 ára. – jhh

## Tveir tilkynntu framboð sín

Tveir karlmenn tilkynntu í gær að þeir hyggist bjóða sig fram til embættis forseta Íslands í forsetakosningum 25. júní. Annars vegar Hrannar Pétursson og hins vegar Guðmundur Franklín Jónsson.

Hrannar er 42 ára gamall félagsfræðingur. Hann var framkvæmdastjóri mannauðs-, markaðs- og lögfræðimála hjá fjarskiptafyrirtækinu Vodafone og talsmaður fyrirtækisins um árabíl. Hann starfaði áður sem upplýsingafrú hjá Íslenska álfélaginu og fréttamaður í útvarpi og sjónvarpi.



Hrannar Pétursson



Guðmundur Franklín Jónsson

Guðmundur Franklín Jónsson er viðskiptafræðingur og fyrrverandi formaður Hægri grænna. Hann hefur undanfarin ár haft lögheimili í Tékklandi en hann segist hafa skræð lögheimili sitt á Íslandi í síðasta mánuði.

Tólf manns hafa nú lýst yfir framboði til forseta Íslands, en viðbúið er að fleiri bætist í hóp þeirra á næstu dögum. – jhh


## Fjölgun borgarfulltrúa í Reykjavík úr 15 í 23

Að öllu óbreyttu mun borgarfulltrúum í Reykjavík fjölga um átta árið 2018. Grófir útreikningar Fréttablaðsins sýna aukinn launakostnað upp á meira en 56 milljónir á ári.

Öll borgarstjórnin í dag:



Öll borgarstjórn eftir breytingar:



**Mismunur = 56.688.096 kr. á ári**

Samburður á fjölda íbúa á bak við hvern fulltrúa



Fulltrúum fjölgaði úr 7 í 11 í Garðabæ árið 2014. 5.200 íbúar eru á bak við hvern alþingisþingmann.

■ Fjöldi fulltrúa ■ Fjöldi íbúa á bakvið hvern fulltrúa

Garðabær



Reykjavík



## Fjölgun fulltrúa gæti kostað meira en 56 milljónir króna

Að öllu óbreyttu stendur til að fjölga borgarfulltrúum í Reykjavík um átta fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Oddviti Sjálfstæðisflokksins vill ekki að Alþingi fyrirskipi fjölda fulltrúa heldur sé það sveitarfélögum í sjálfsvald sett. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um að draga til baka fjölgun borgarstjórnarfulltrúa í Reykjavík.

Stefán Rafn

Sigurbjörnsson

stefanrafn@frettabladid.is



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum frá árinu 2011 mun Reykjavíkurborg fjölga borgarfulltrúum sínum í 23 hið minnsta en þeir eru 15 í dag.

Fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa í Reykjavík hefur verið nær óbreyttur frá árinu 1908 þegar íbúar Reykjavíkur voru 11 þúsund en nú eru þeir orðnir fleiri en 120 þúsund. Ein undantekning er á þessu; kjörtímabilið 1978 til 1982 var borgarfulltrúum fjölgað í 21 en því var breytt strax á næsta kjörtímabili. Verkefnum sveitarstjórnarfulltrúa hefur fjölgað mjög undanfarna áratugi og telja margir að fjölga þurfi í hópnum.

Þá er gjarnan sagt að á bak við hvern fulltrúa þurfi að vera ákveðinn fjöldi íbúa. Í Reykjavík í dag eru um 8.100 íbúar á bak við hvern fulltrúa en væru um 5.300 eftir breytingar. Til samanburðar eru um 5.300 manns á bak við hvern alþingismann.

Hráir útreikningar Fréttablaðsins á fjölgun borgarfulltrúa sýna að launakostnaður vegna borgarfulltrúa myndi aukast um 56 milljónir á ári miðað við núverandi launakjör þeirra. Þá er ekki talinn með kostnaði vegna skrifstofuástöðu, tölvubúnaðar og þess háttar né álag og laun vegna nefndarformennsku. Þá ber þess að geta að inni í útreikningunum eru laun fyrsta varaborgarfulltrúa hvers flokks en samkvæmt samþykkt um kjör borgarfulltrúa fá fyrstu varamenn 70 prósent af launum borgarfulltrúa.

Þó kemur það fram í greinargerð með frumvarpinu að fjölgunin komi hugsanlega ekki til með að bera með sér kostnaðarauka. „Reynslan sýnir að í Reykjavík eru fleiri einstaklingar í reynd virkir sem borgarfulltrúar en þeir 15 sem kosnir eru. Almennt hafa varamenn einnig mjög ríka aðkomu að stjórn borgarinnar og skipa ídulega fundi við umræðu um málefni sem þeir þekkja vel eða hefur verið falid að kynna sér. Gera má ráð fyrir að virkir borgarfulltrúar



**Við höfum lagt það mat á, þangað til að annað kemur í ljós, að það sé dýrara að bæta við átta borgarfulltrúum.**

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík



séu í reynd nær 30 en 15,” segir í greinargerðinni.

Þrátt fyrir að fjölgunin liggi fyrir er hún ekki óumdeild. Fyrir Alþingi liggur frumvarp Sigríðar Á. Andersen sem kveður á um að fjölgunin verði dregin til baka enda óþarfi að lög-gjafinn þvingi Reykjavíkurborg til að fjölga borgarfulltrúum með sveitarstjórnarlögum.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, er hlynntur frumvarpi Sigríðar. „Ég styð það að það sé meira í

Hvernig liti borgarstjórn út í dag ef hún væri með með 23 fulltrúa?



sjálfsvald sveitarfélagsins sett að ákveða fjölda borgarfulltrúa, að það sé ekki fyrirskipun frá Alþingi. Við höfum lagt það mat á, þangað til að annað kemur í ljós, að það sé dýrara að bæta við átta borgarfulltrúum,” segir Halldór.

Sjálfstæðisflokkurinn óskaði í fyrra eftir upplýsingum um kostnað við fjölgun borgarfulltrúa en þær upplýsingar bárust aldrei.

Halldór segir það ljóst að kostnaðurinn muni aukast ef halda á í sama kerfi þar sem allir borgarfulltrúar eru á fullum launum. „Það var ekki þannig áður fyrr og er ekki í neinu öðru sveitarfélagi á Íslandi.“

Hann nefnir til dæmis borgarstjórn Kaupmannahafnar sem telur 55 manns sem eru í hlutastarfi sem borgarfulltrúar. Þá segir hann starfsálagið ekki þess eðlis að það kalli á fjölgun fulltrúa.

„Ég tel að borgarfulltrúar komist ágætlega yfir þetta eins og er, ekki síst vegna þess að varaborgarfulltrúar eru í 70 prósent starfi og þá er þetta dekkjað frekar vel,” segir hann.



Beltone Legend™


## Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is



# GÆÐASAMBAND LJÓSLÆIÐARANS

Gæðasamband Ljósleiðarans  
er fáanlegt hjá eftirfarandi fjarskiptafélögum:



Hringdu



365

Ljósleiðarinn er gæðasamband sem  
uppfyllir kröfur nútímaheimila

**500**  
MEGABIT

Ljósleiðarinn býður **500 megabita**  
gæðasamband sem er bæði hraðara og  
snarpara og með sama hraða í báðar áttir.



**LJÓSLÆIÐARINN**

— Gæðasamband

**Frábært verð!**

**WEINSBERG**  
Simply you.



Verð frá 2.990.000 kr.

Þar sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn®**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

**Eftirréttir**



*Stundum er gott að gera sér dagamun*



Mjúk og bragðgóð jógúrt með stökkum kornkúlum. Tilvalinn kostur sem sparimorgunverður, gómsætur millibiti eða ljúffengur eftirréttur.

... hvert er þitt eftirlæti?

16-0953-HVITA-HÚSDIÐ / SÍA

## Prinsinn heimsækir Nepal



Harry Bretaprins er staddur í fimm daga heimsókn í Nepal til þess að kynna sér aðstæður. Þar er fólk enn að takast á við afleiðingar jarðskjálftans sem varð í apríl í fyrra. Átta þúsund manns fórust í skjálftanum og 21 þúsund særðust. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fjórir fórust í árás ISIS

Árásarmaður sem talinn er vera liðsmaður Íslamska ríkisins drap fjóra í Tyrklandi. Þetta er fjórða árásin þar í landi á þessu ári. Forsetinn heitir aðgerðum.

**TYRKLAND** Árásarmaðurinn sem drap fjóra á einni helstu verslunargötu Ístanbulborgar á laugardag tilheyrði hryðjuverkasamtökunum Íslamskt ríki. Efken Ala, innanríkisráðherra Tyrklands, greindi frá þessu á blaðamannafundi í Ankara í gær. Maðurinn, sem sprengdi sjálfan sig, hét Mehmet Ozturk og var 24 ára tyrkneskur ríkisborgari.

Minnst fjórir létu lífið í árásinni og þar að auki særðust 36 manns. Í fyrstu var talið að Íslendingur væri meðal þeirra særðu, en borgarapjónusta utanríkisráðuneytisins staðfesti í gær að svo væri ekki.

Tyrkir eru meðal þeirra ríkja sem styðja loftárásir Bandaríkjamanna gegn Íslamska ríkinu í Írak og Sýrlandi. Tyrkland hefur áður orðið fyrir árásum af hálfu hryðjuverkasamtakanna, nýlegasta árásin var gerð í janúar þegar tólf ferðamenn létu lífið í grunaðri sjálfsmorðsárás.

Árásin á laugardag var fjórða hryðjuverkaárásin í Tyrklandi á þessu ári og sú sjötta frá því í júlí á síðasta ári. Í október síðastliðnum létu yfir hundrað manns lífið þegar



Árásin á laugardag var fjórða hryðjuverkaárásin í Tyrklandi á þessu ári og sú sjötta frá því í júlí á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Recep Tayyip Erdoğan, forseti tveir karlmenn sprengdu sig í loft upp á friðarsamkomu í Ankara. Árásin var sú mannskæðasta á seinni tíð í Tyrklandi. Ásamt vígamönnum Íslamska ríkisins hafa uppreisnarmenn meðal Kúrda verið ábyrgir fyrir árásum.

Recep Tayyip Erdoğan, forseti

Tyrklands, segir hryðjuverkasamtök beina árásum sínum að óbreyttum borgurum því samtökin séu að tapa baráttu sinni við tyrkneskar öryggis-sveitir. Erdoğan hét því að vinna bug á hryðjuverkamönnum í Tyrklandi í kjölfar árásar í Ankara þann 13. mars síðastliðinn. thordis@frettabladid.is

# HAGKAUPS VEISLULÆRI

MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM EÐA TRUFFLUMARINERINU

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

HAGKAUP  
VEISLULÆRI  
MEÐ TRUFFLUMARINERINU

HAGKAUP  
MÆLIR  
MEÐ

HAGKAUP  
VEISLULÆRI  
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM

HAGKAUP  
MÆLIR  
MEÐ



Tilbúið beint  
í ofninn

HAGKAUP  
SMJÖRSÞRAUTAÐ  
KALKÚNASKIP

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

HAGKAUP  
MÆLIR  
MEÐ



HAGKAUP  
FYLLT HÁTÍÐALÆRI  
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

HAGKAUP  
MÆLIR  
MEÐ

*Hið eina sanna!*

## Hagkaups smjörspautað kalkúnaskip

Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Einfaldara verður það ekki!*

## Fyllt hátíðalæri

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL



Íslenskt Roastbeef



Ferskur kalkúnn



Hagkaups  
hamborgarhryggur



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Vill að bændur felli nýgerðan samning

Jóhann Pétur Ágústsson, formaður Félags sauðfjársamninga á Vestfjörðum, segir bændur á sínu svæði koma mjög illa út úr nýjum sauðfjársamningum. Hann hvetur alla til að fella nýgerðan samning. Segir verið að færa fé frá afskekktum byggðum nær höfuðborgarsvæðinu.

**LANDBÚNAÐUR** Mikil óánægja er með nýjan sauðfjársamning meðal sauðfjársamninga á Vestfjörðum. Telja sauðfjársamningur að með nýjum samningum sé verið að færa fé frá afskekktustu byggðum landsins nær suðvesturhorninu. „Hvet bændur til að fella þessa helvítis vitleysu,“ segir Jóhann Pétur Ágústsson, formaður Félags sauðfjársamninga á Vestfjörðum.

Í nýjum sauðfjársamningum er beingreiðslum til bænda hætt en þess í stað greitt á hverja vetrarfóðraða rollu, svokallaðar gripagreiðslur. Um nokkurt skeið hafa sauðfjársamningar sem eiga greiðslumark aðeins þurft að hafa 70 prósent af því sauðfé á vetrarfóðrum sem þeir fá fullar greiðslur fyrir.

Bóndi með 100 ærgilda greiðslumark þurfti því aðeins að hafa 70 kindur á vetrarfóðrum til að fá fullar greiðslur frá hinu opinbera. Nú



Bændur á Vestfjörðum eru æfir vegna afnáms beingreiðslna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Mikil áhersla er í samningnum á nýliðun, byggðafestu, sjálfbærni og græn verkefni.**

Pórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjársamninga



á að afleggja þá reglu. Við það eru bændur á Vestfjörðum afar ósáttir.

„Við létum Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins skoða hvaða áhrif nýir sauðfjársamningar munu hafa á okkar starfsvæði hér á Vestfjörðum. Samkvæmt þeirri úttekt þá munu þessar breytingar hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Ég hvet alla sauðfjársamninga

til að fella þessa helvítis vitleysu,“ segir Jóhann Pétur. „Ég hef engan sauðfjársamninga hitt á minnu svæði sem ætlar að samþykkja nýgerða samninga.“

Pórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjársamninga, telur hins vegar nýja sauðfjársamninga vera til hagsbóta fyrir sauðfjársamninga og að byggðafesta skipti miklu máli.

„Beingreiðslur hverfa á níu árum en í staðinn koma býlisstuðningur, gripagreiðslur og aukin áhersla á gæðastýringu. Mikil áhersla er í samningnum á nýliðun, byggðafestu, sjálfbærni og græn verkefni,“ segir Pórarinn Ingi.

Jóhann Pétur segir bændur á afskekktum svæðum ekki geta leitað í önnur störf eins og hægt er nálægt stærri byggðakjörnum. sveinn@frettabladid.is

Vegna þurrka í Eþíópíu eru 10 milljónir manns á barmi hungursneyðar:

## Bregðumst við NÚNA!

Valgreiðsla í heimabanka

Söfnunarsími 907 2003 (2500 krónur)

Söfnunarreikningur 0334-26-886

kt. 450670-0499



Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance



Sambúð manns og lands er brennipunktur stefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fyrsta heildstæða stefnan á landsvísu samþykkt

**SKIPULAGSMÁL** Alþingi samþykkti í liðinni viku þingsályktun Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Samþykkt hennar markar tímamót í skipulagsmálum hér á landi þar sem í fyrsta sinn er sett fram heildstæð stefna ríkisins á landsvísu um skipulagsmál.

Landsskipulagsstefna samþættir áætlanir á vegum stjórnvalda um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra landnýtingu, en með stefnunni hafa sveitarfélög aðgang að stefnu ríkisvaldsins um skipulagsgerð á einum stað.

Landsskipulagsstefnan setur fram stefnu um fjögur viðfangsefni, þ.e. skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum – eins og segir í tilkynningu.

Í landsskipulagsstefnu er lagt til grundvallar að skipulag byggðar og

landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun, skipulagið sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, það stuðli að lífsgæðum fólks og styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram sjónarmið og áherslur í skipulagsmálum, sem eru til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, en sveitarfélögum ber að taka mið af stefnunni við gerð skipulagsáætlana. Landsskipulagsstefna getur einnig haft áhrif á áætlanir stjórnvalda á landsvísu í málaflokkum sem varða landnotkun og byggðapróun.

Auk þess að vera framfylgt í gegnum skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanagerð ríkisins, felur landsskipulagsstefna einnig í sér tiltekin verkefni, svo sem leiðbeiningar- og þróunarverkefni, til að hrinda markmiðum stefnunnar í framkvæmd. – shá

## SKÁLDSAGA UM KRISTMANN GUÐMUNDSSON

Einstæð skáldsaga um líf Kristmanns í Hveragerði og réttarhöldin gegn Thor Vilhjálmssyni.

„Um ýmsa þætti í ævi Kristmanns fjallar Sigurjón á afar skemmtilegan og næman hátt í sögu sinni.“

Illugi Jökulsson



Ugly



BORGIR OG EYÐIMERKUR  
skáldsaga um Kristmann Guðmundsson

## Vill sálfræðipjónustu í alla framhaldsskólana

**ALÞINGI** Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu þess efnis að mennta- og menningarmálaráðherra verði falið að sjá til þess að frá og með skólaárinu 2017-2018 verði öllum framhaldsskólunum tryggt aðgengi að sálfræðipjónustu innan veggja skólanna þeim að kostnaðarlausu. Vakinn er athygli á því að í Hvítbók ráðherra um úrbætur

» Einungis 44% íslenskra framhaldsskólana námi á tilsettum tíma.

í menntun komi fram að aðeins 44 prósent íslenskra framhaldsskólana námi á tilsettum tíma. Ungt fólk hverfur frá námi og það megi að hluta rekja til slæmrar geðheilsu ungmenna hér á landi. – jhh



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# ŠKODA Rapid Stenst kröfur sem stærri bílar væru stoltir af



**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágung gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins

**2.940.000** kr.

#### Sportpakki 260.000 kr.

- 16" álfelgur
- Panorama glerþak
- Framlengt gler á skotti
- Svartir hliðarspeglar
- Dekkt afturljós og þokuljós að framan
- Stærri skjár í mælaborði
- Bluetooth



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



**Skoda Octavia**  
Ambiente 1.6 TDI

2011 **2.490.000** KR



**Audi A4**  
2.0 TDI AT

2012 **3.950.000** KR



**VW Polo**  
Comfortline 1.4 AT

2010 **1.720.000** KR



**VW Golf A7** Comfortline  
R-Line 1.4 TSI AT

2014 **3.690.000** KR



**Skoda Rapid**  
1.6 TDI

2013 **1.990.000** KR



**MM Outlander**  
Instyle 2.2 DID

2013 **5.490.000** KR



Raf / Bensín 13  
Ekkinn þús. km. 30  
Myndir á vef   
Disil   
Fjór hjóladríf 4x4  
Metan & bensín ECO  
Sjálfskiptur A  
Beinskiptur H  
Rafmagnsbíll

**Litskrúðugir  
vagnar**

**Barnvænir**



**Peugeot 206**  
Active

2013 **2.190.000** KR



**Toyota Auris** Wagon  
Terra 1.4 Diesel MT

2014 **2.990.000** KR



**BMW**  
525xi E60

2007 **3.690.000** KR



**Honda Civic**  
1.8i ES

2006 **1.190.000** KR



**NOTAÐIR  
BÍLAR**

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Das Auto.



Audi



ŠKODA



MITSUBISHI  
MOTORS

# Eftirlitsmyndavélar nú hluti af daglegu lífi

Mikil aukning í sölu á eftirlitsmyndavélum. Tæknin betri og búnaðurinn ódýrari. Dæmi um að foreldrar noti búnaðinn til að fylgjast með börnunum.

**NEYTENDUR** Sprenging hefur orðið í sölu eftirlitsmyndavéla og uppsetningum á slíkum kerfum síðustu tvö árin. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að búnaðurinn sé orðinn aðgengilegri og almennari með einfaldari tækni og viðráðanlegra verði fyrir venjulegar fjölskyldur.

„Fyrir fáeinum árum þurfti upp-tökukerfi, leggja kapla og símasamband. Í dag tengirðu myndavél við netið heima hjá þér og stingur í samband,“ segir Halldór Hrafn Jónsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Tölvuteks. Hann segir að á tíu árum hafi búnaður í eftirlitsmyndavélum gjörbreyst – sérstaklega með skýbúnaði (e. cloud). Þannig sé hægt að skoða upptökur úr myndavélinni í símanum. Einnig er hægt að stilla myndavélnar þannig að þær sendi skilaboð ef þær nema hreyfingu eða hljóð.

„Það hefur orðið gríðarleg aukning á notkun þessara tækja. Ég vil ekki tengja það við stóra bróður eða vænisýki heldur er þetta bara viðbót við daglega lífið. Fólk getur fylgst með þegar börnin koma heim, sumir eru með þetta í svefnherbergjum ungubarna í stað barnapiutækja og fyrir öðrum er þetta öryggisatriði. Að mínu mati er þetta neysla, ekki hræðsla,“ segir Halldór.

„Þetta getur verið þægilegt þegar unglingarnar hætta að nenna að fara með í sumarbústaðinn,“ segir Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas, og tekur undir orð Halldórs um aukna notkun eftirlitsmyndavéla. „Það er mælanleg aukning í sölu myndeftirlits bæði inni á heimilum og í sumarbústöðum á síðustu misserum.“

Hjörtur segir slík kerfi hafa í gegnum tíðina verið mjög dýr en nú sé öldin önnur. „Þar af leiðandi er þetta orðið almennara og ósköp venjulegt fólk fær sér eftirlitsmyndavélar. Þetta



Myndavélnar eru orðnar ódýrari og þar af leiðandi almennari í notkun.



**Maður hefur líka heyrð af foreldrum sem eru rólegir í útlöndum og geta fylgst með unga fólkinu sem er eitt heima - hvort haldin séu teiti og svo framvegis. Þannig að fyrst og fremst snýst þetta um hugarró.**



Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



er sérlega þægilegt til að fylgjast með sumarbústaðnum, hvort allt sé í lagi en líka bara til að athuga hvernig veðrið sé áður en maður leggur í hann. Maður hefur líka heyrð af foreldrum sem eru rólegri í útlöndum og geta fylgst með unga fólkinu sem er eitt heima – hvort haldin séu teiti og svo framvegis. Þannig að fyrst og fremst snýst þetta um hugarró.“  
erlabjorg@frettabladid.is

# Tæki færri



**SIEMENS - Uppþvottavélar**  
SN 45M209SK (hvít)  
SN 45M509SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB. Barnalæsing.  
„aquaStop“-flæðivörn. Zeolith®-þurrkun: Einstaklega árangursrík þurrkun.

**Tækifærisverð:**  
**127.900 kr.**  
(Fullt verð: 159.900 kr.)

„All in 1“  
uppþvottatöflunnar frá Finish fylgja með öllum uppþvottavélum.



**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

# Sturtuveisla!



Sturtuhurðir  
Breidd:  
70, 80 og 90 cm.  
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80cm. **27.455**



Sturtuhorn  
Stærðir:  
70 x 70 cm.  
80 x 80 cm.  
90 x 90 cm.  
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **30.500**



Sturtuvængir  
með lyftilóm  
Stærðir:  
70 x 70 cm.  
80 x 80 cm.  
90 x 90 cm.  
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80x80 cm **29.600**



Verðdæmi  
80 x 80 cm rúnnaður  
**42.900**

**Laus svunta**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisglери, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**

**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**

**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**



Sturtuhorn með botni  
Stærðir:  
80 x 80 cm.  
90 x 90 cm.  
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **37.900**



Sturtuhorn  
Stærðir:  
80 x 80 cm.  
90 x 90 cm.  
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **30.500**



Sturtuskilrúm  
8 mm. hert  
öryggisglер  
með festingum  
Stærðir 70 - 120 cm.  
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. **24.880**

Opið virka daga frá 9 til 18  
Lokað laugardag 26 mars  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is** 

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**  
- fyrir þitt heimili

# Tími aðgerða



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Um miðjan tíunda áratuginn gerðist Ísland aðili að samningi UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifar heimsins. Til þess að fylgja markmiðum samningsins eftir er haldin heimsminjaskrá yfir einstaka staði og viðurkennd verndarsvæði. Þessu skylt er varðveisluskráin en þar er m.a. að finna handritasafn Árna Magnússonar enda þar um ómetanlegan menningararf að ræða. En við Íslendingar erum meira fyrir að skrifa undir samninga en að standa við þá svo sómi sé að.

Surtsey og Þingvallabjörgarður eru einu íslensku náttúruvernlurnar sem er að finna á heimsminjaskrá UNESCO. Í raun kemur það dálítið á óvart miðað við sérstöðu íslenskrar náttúru. Mývatn, með sínu einstaka lífríki og ómældu fegurð, er ein af þessum sérstöku perlum. Eðlilega var því sótt um að koma Mývatni á heimsminjaskrá tveimur árum eftir að Ísland gerðist aðili að samningnum og ekki stóð á höfnuninni þar sem Íslendingar láta renna skólp í jarðveginn og það endar í vatninu. Við erum ekki alveg í lagi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar og mikið skólp í Mývatn frá því þessi dómur féll yfir umhirdu Íslendinga um þessa einstöku náttúruverlu sem á sér ekki hliðstæðu nema í einu stöðuvatni í Japan. En þessi tvö vötn eru þau einu í heiminum þar sem er að finna hinn sérstæða kúluskít. Japanir hafa lengi haft þann háttinn á að fjarlægja allt skólp sem rennur innan jarðvegssvæðis vatnsins, og vernda þannig lífríki þess og náttúru, en hér höfum við ekki þann háttinn á. Þvert á móti.

Í liðinni viku var greint frá því hér á síðum þessa blaðs að miklar breytingar væru að eiga sér stað í lífríki Mývatns til hins verra. Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúruverndarinnar við Mývatn (RAMÝ), greindi frá þessu og jafnframt því að breytingarnar megi rekja til ofauðgunar í vatninu af mannavöldum. Árni bendir á að hér sé um flókið mál að ræða en að í raun sé aðeins eitt til ráða til þess að stemma stigu við þessari mjög svo neikvæðu þróun: Það er að tryggja að sem allra minnst af næringarefnum frá mannavöldum (nitur eða kófnunarefni og fosfór) berist í grunnvatnið og þannig í Mývatn.

Skútustaðahreppur er fámennst sveitarfélag, svo fámennst að það hefur eðlilega ekkert bolmagn til þess að takast á við vandann, og því ber stjórnvöldum að taka á málinu. Ekki síst þar sem í gildi eru sérlög fyrir Mývatn og Laxá, en eins og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri hefur bent á þá hafa óskir til yfirvalda um aðstoð við frænnismál enn engu skilað. Fundað hafi verið með umhverfisráðherra, þingmönnum og fjárlaganefnd og allir sýnt málinu áhuga og skilning. Það getur í besta falli talist vandráðlegt að málið skuli strandað á áhuga og skilningi.

Tími aðgerða í málefnum Mývatns er löngu runnin upp og Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hlýtur að láta málið til sín taka og það strax. Ef það er ekki hlutverk ráðherra, með fulltíngi Umhverfisstofnunar, að koma náttúruauðlind á borð við Mývatn til bjargar við aðstæður sem þessar þá er fokið í flest skjól fyrir íslenskri náttúru.

## Halldór



Það getur í besta falli talist vandráðlegt að málið skuli strandað á áhuga og skilningi.



## Frá degi til dags

### Sigmundur og Helle

Mál málanna um þessar mundir eru erlendar eignir eiginkonu forsætisráðherra. Já-fólk forsætisráðs keppist nú um að benda á að það sé ekki ólöglegt að eiga eignir erlendis sem er hugsanlega rétt. Hins vegar hundsar já-fólkið þá pólitísku staðreynd að hér er um að ræða sama forsætisráðherra sem hvetur Íslendinga til að kaupa íslenskt til að styrkja gengi gjaldmiðilsins. Sambærilegt dæmi kom upp árið 2010 í Danmörku þegar kom í ljós að Stephen Kinnock, eiginmaður Helle Thorning-Schmidt, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, greiddi skatta sína í Sviss en bjó í Danmörku. Þá þótti fólki nærri óhugsandi að hún yrði forsætisráðherra eftir að hafa predikað að Danir ættu að greiða háa skatta í sterkt velferðarkerfi. Athæfi Kinnocks var ekki ólöglegt en Thorning-Schmidt þurfti að biðjast afsökunar og opna bókhald fjölskyldunnar til að eiga sér pólitíska framtíð.

### Framsóknarfirringin

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknar, snerti á málinu í viðtali við RÚV í gær. Hann sagði engum spurningum ósvarað og traust á milli stjórnarflokkanna væri óskaddað. Þetta sagði hann þó þvert á yfirlýsingar tveggja stjórnaþingmanna um að sú væri ekki raunin. stefanraf@frettabladid.is

## Grái herinn snýst til varnar



Erna Indriáadóttir  
ritstjóri  
lifdununa.is

Það ríkja fordómar á Íslandi gagnvart eldra fólki. Rúmlega 38.000 manns eru í dag komnir á eftirlaunaaldur, eða orðnir 67 ára og eldri. Og hvað verða þeir þá? Ellilífeyris, þegar“ takk fyrir eða jafnvel bara lífeyris, þegar“. En fyrst keyrir nú um þverbak þegar rétt er um þetta fólk sem „bótaþega“.

### Eldra fólk er ekki bótaþegar

Þessi orð fela í sér að menn séu þiggjendur, þiggi fé af ríki eða lífeyrissjóðum. Hvernig í ósköpunum það vildi til, að fólk sem vann hörðum höndum að uppbyggingu þjóðfélagsins og greiddi sín gjöld og skatta til ríkisins og seinna í lífeyrissjóði, varð allt í einu þiggjendur er mér hulin ráðgáta. Þetta er einfaldlega fólk sem var búið að leggja inn fyrir eftirlaununum sínum.

### Fólk á dvalarheimilum er ekki vistmenn

Þegar menn verða enn eldri og þurfa að leggjast inn á dvalar- eða hjúkrunarheimili, tekur ekki betra við. Þá verða þeir jafnvel „vistmenn“. Rétt eins og stundum talað var um vistmenn í fangelsum, á Kleppi eða á Kópavogshæli á meðan þær stofnanir voru og hétu. Sjálft orðið vísar til fólks sem ræður sér ekki sjálft eða getur ekki séð um sig sjálft og er stundum notað um þá sem hafa gerst brotlegir við lög samfélagsins. Hvorugt á við um það fólk sem býr á dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum. Það er hvorki afbotamenn né ófært með öllu um að ráða sér sjálft. Það eru karlar og konur sem búa á eigin heimilum.

Búist er við að fólki 67 ára og eldra fjölgi um 65% fram til ársins 2030 og verði þá 63.000. Þetta er fólki sem hefur byggt upp það samfélag sem við búum við í dag og skilað af sér blómlegra búi en það tók við fyrir 60-70 árum. Þetta er ekki bónbjargarfólk sem „þiggur“ lífeyri frá ríki og lífeyrissjóðum og búi það á dvalarheimilum, sem fer raunar ört fækkandi í landinu, er það ekki „vistmenn“ þar heldur íbúar. Ég skora á fjölmiðla og aðra að útrýma þessum orðum úr umræðum um málefni eldri kynslóðarinnar í landinu. Þau bera vitni fordómum sem eiga ekki að líðast.



Þetta er ekki bónbjargarfólk sem „þiggur“ lífeyri frá ríki og lífeyrissjóðum.

# Frá Jökulsárhlíð til Jómfrúreyja

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



**Bara nafnið eitt, Tortóla – móðir allra skatthola. Það er svo öflugt tákn og stendur í huga okkar fyrir aflandsþjóðina: þetta fólk sem sagði sig úr lögum við okkur hin og fór með peningana sem frúin í Hamborg gaf því.**

Ymsir hafa bent á þann trúnaðarrest sem orðið hefur milli forsætisráðherrans og þjóðarinnar þegar ljóst er að hann hefur haldið leyndum upplýsingum um stórfellda fjárhagslega hagsmunum sína og fjölskyldu sinnar í tengslum við uppgjör föllnu bankanna.

Hann segir að þeir hagsmunir hafi í engu haft áhrif á störf sín – nema síður sé – sem vel má vera satt, en það er samt ekki í hans verkahring að meta það einn með sjálfum sér; slíkar upplýsingar eiga að liggja fyrir og svo getum við, ef sá gállinn er á okkur, dáðst að því hversu illa þau hjónin hafi nú farið út úr þessum hagsmunaárekstri og hve miskunnarlaus hann hafi verið við sig og konuna í framgöngu sinni gegn kröfuhöfum.

## Hvar er Valli?

Slíkum upplýsingum verður að deila með kjósendum, sem þurfa þessar upplýsingar með öðru til að leggja mat á trúverðuleika viðkomandi ráðamanns. Eðlilega spyr fólk: er eitthvað fleira sem hann hefur ekki sagt okkur? Og þegar við leidum hugann að því að ráðherrann hefur skráð lögheimili sitt á eyðibýlinu Hrafnabjörgum III í Jökulsárhlíð á Fljótsdalshéraði en býr í Garðabæ – þykist búa einhvers staðar þar sem hann býr ekki – fer okkur smám saman að finnast eins og ráðherrann sé kannski ekki allur þar sem hann er séður; komi ekki alltaf til dyranna eins og hann er klæddur. Þegar svo við bætist tilhneiging hans í opinberum umræðum til að segja allt mest og best sem allir sjá að er alls ekki gott, eða kannski bara sémilegt – fer okkur að finnast eins og hann sé ekki alveg hér. Hvar er Valli?

Hann segist búa í Jökulsárhlíð, á hús í Garðabæ, á eignir á Tortóla og er með allan hugann við grjótgard í Reykjavík.

Eða kannski finnst okkur hann ágætur. Kannski að okkur finnst þetta bara snidugt og það má alveg: en við þurfum samt að hafa ákveðnar grundvallarupplýsingar um það fólk sem á að þjóna okkur í ríkisstjórn svo að okkur sé fært að meta færni þess og störf. Það er einfaldlega ein af grundvallarforsendum lýðræðisins.

Það er full ástæða til að samfagna fólki sem kemst í miklar álnir, þó að það hafi kannski lítið gert sjálf til þess að afla þess auðs. Og áreiðanlega enginn öfundsverður af því að gæta svo mikils fjár. En samt: Bara nafnið eitt, Tortóla – móðir allra skatthola. Það er svo öflugt tákn og stendur í huga okkar fyrir aflandsþjóðina: þetta fólk sem sagði sig úr lögum við okkur hin og fór með peningana sem frúin í Hamborg gaf því. Tortóla er money-heaven. Tortóla er í huga okkar samnefnari fyrir undanskot sérgóðrar og andfélagslegrar yfirstéttar sem felur auð sinn og neitar þjóð sinni um eðlilegt framlag til samneyslunnar þó að hún njóti góðs af þeirri samneyslu og hafi – fremur en að skapa verðmæti – auðgast á því að selja landsmönnum hluti á uppsprengdu verði sem þeir neyðast til að kaupa vegna fákeppni. Eins og til dæmis bíla.

## Við Íslendingar

Það er með öðrum orðum samhengi í hlutunum. Það er samhengi milli

grafinna fjársjóða á Jómfrúreyjum og fjársveltis íslenska heilbrigðiskerfisins, og væri nær að tala um hugsanlegt „skatthagræði“ íslensks samfélags í heild en einstakra moldríkra einstaklinga. Og næst þegar við heyrum undanfærslur og vífilengjur forsætisráðherrans varðandi byggingu nýs Landspítala þá munu þær falla í það samhengi.

Hann er eins og útgerðarmaðurinn sem ræður öllu í þorpinu og vasast í öllu en býr sjálfur fyrir sunnan í hundradogeinum, en heldur samt alltaf ræðu á Sjómannadaginn, og talar þá um „okkur“ og helvítis pakkid í hundradogeinum.

Þetta er það versta við málið fyrir Sigmund Davíð: þetta truflar frásögnina hans. Þetta gengur þvert á þá sögu sem hann hefur af kostgæfni byggt upp um sjálfan sig.

Það er einkenni allra stjórnmála-leiðtoga sem ná almannahylli, að þeir búa til einfalda frásögn kringum persónu sína og athafnir, sem höfðar til fjöldans.

Sagan hans Sigmundar snerist um að hann væri sá sem berðist við hrægammanna. Ísland í umsátri útlandinga sem ætluðu að innheimta óréttmætar kröfur á hendur lítilli og fátækri þjóð sem ekki hafði annað til saka unnið en að leyfa óprúttum bankamönnum að nota nafn sitt og traust til þess að safna meiri skuldum en þeir voru borgunarmenn fyrir. Sigmundur hefur af natni byggt upp mynd af sér sem hinum þjóðlega varðgæslumanni – þeim sem veðjar á Ísland, íslenskt hugvit, íslenskan dugnað – já íslensku krónuna, sem er sterkasti gjaldmiðill í heimi þegar vel er að henni hlúð með þjóðlegum höftum.

Þessi saga er nú öll í uppnámi. Komið hefur á daginn að þau hjónin treysta ekki íslensku krónunni sjálf þegar þau ávaxta sinn auð.

Það er nefnilega samhengi í hlutunum. Sagan hefur snúist í höndunum á honum. Og við munum hlusta öðruvísi á ræður ráðherrans en áður. Næst þegar Sigmundur Davíð heldur ræðu og segir „við Íslendingar“ gæti það meira að segja orðið álitamál – og fólk spurt: Ætti hann ekki frekar að segja „þið Íslendingar“?

# Skattaskjól



Árni Páll Árnason  
formaður Samfylkingarinnar



**Efnaðasta fólk landsins á ekki að eiga aðra og betri möguleika en við hin. Við eigum það til að taka þennan hóp út fyrir sviga og sætta okkur við að önnur lögmál gildi um hann, eins og til dæmis í gjaldeyrismálum þar sem fjármálaráðherra hefur lagt til að þeir ríku geti valið sér gjaldmiðil en við hin sitjum uppi með krónuna. Það á ekki að vera í boði.**

Álfingi höfum við rætt hvernig hægt sé að takast á við þann vanda að efnaðir einstaklingar taka ekki þátt í að reka samfélagið og flytja tekjur sínar í skattaskjól. Það er sannarlega óeðlilegt að tekjur sem verða til á Íslandi í viðskiptum milli innlendra aðila séu fluttar til útlanda og þar með undan sameiginlegum sjóðum okkar. Þetta var viðvarandi vandamál fyrir hrun. Nú þarf að huga að framtíðinni.

## Hver greiðir velferðina?

Þessi þróun er ekki einsdæmi á Íslandi, hún á sér hliðstæður um allan heim. Það hefur verið baráttumál jafnaðarmanna um alla Evrópu að skera upp herðir gegn skattaskjólum. Ástæðan fyrir því er augljós. Ef fé þeirra best stæðu fer í skattaskjól leggjast byrðarnar af velferðarþjónustunni allar á milli-stéttina og hinir ríkustu sleppa við að leggja af mörkum til hinnar sameiginlegu þjónustu eins og þeir ættu að gera. Skattaskjól auka þannig muninn milli þjóðfélags-hópa. Þeir ríku verða sífellt ríkari, því þeir eiga eignir sem skattleggjast með mildari hætti en í heimaríkinu og við hin sitjum uppi með sífellt hærri reikning fyrir þá velferðarþjónustu sem allir njóta – líka þeir ríku.

Það er nauðsynlegt að mínu viti að þau verðmæti sem verða til á Íslandi séu skattlögð á Íslandi og við verðum að búa okkur undir það að leikurinn haldi áfram ef létt verður á gjaldeyrishöftum. Hvernig ætlum við að koma í veg fyrir að þeir sem hagnast núna í samfélaginu með stórfelldum hætti fylgi fordæmi hinna frá því fyrir hrun og flytji arðinn allan til Tortóla?

## Samfélagssáttmálinn

Alþjóðleg samvinna er besta leiðin til þess að tryggja gagnsæi, en við verðum samt að hugsa hvaða hvatir hafi legið að baki þegar þeir sem

auðguðust á viðskiptum fluttu hagnaðinn úr landi. Hvað réð því? Það er spurningin sem við þurfum að leita svara við. Hvatarnir voru lægri skattar, en líka meiri leynd yfir fjárfestingum og viðskipta-háttum. Íslensk skattalög voru hert 2010 til að koma í veg fyrir skattalegt hagræði af svona tilfæringum.

Eftir stendur samt að sumir hafa haldið eignum í skattaskjólum leyndum og greiða því enga skatta af þeim. Við þurfum þess vegna að vera sífellt á varðbergi og tryggja að lög og alþjóðlegar reglur tryggji gagnsæi og réttlæti. Það er ekkert sem kallar á að gefa þeim sem hafa nýtt sér skattaskjól einhvern forgang á almenna borgara.

Efnaðasta fólk landsins á ekki að eiga aðra og betri möguleika en við hin. Við eigum það til að taka þennan hóp út fyrir sviga og sætta okkur við að önnur lögmál gildi um hann, eins og til dæmis í gjaldeyrismálum þar sem fjármálaráðherra hefur lagt til að þeir ríku geti valið sér gjaldmiðil en við hin sitjum uppi með krónuna. Það á ekki að vera í boði. Það á eitt að gilda um alla í þessu efni sem öðru.

www.volkswagen.is



Nýr Volkswagen Caddy

## Glæsilegur vinnubíll

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukid öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir öikumans- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy  
kostar frá

**2.670.000 kr.**

(2.135.226 kr. án vsk)



Atvinnubíllar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

www.volkswagen.is




HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

Fyrir þínar  
bestu stundir

Páskar 2016

Heilsu- og  
hægindalag í yfirdýnuVal um svart  
eða hvítt PU leður  
eða grátt áklæði á botni.Aukahlutur á mynd:  
Helsinki höfuðgaff.NATURE'S  
COMFORTheilsurúm með  
classic botni og löppum25%  
AFSLÁTTUR

Stærð cm.	M/ Classic botni	Tilboðs- verð
80x200	86.900	65.175
90x200	92.900	69.675
100x200	99.900	74.925
120x200	119.900	89.925
140x200	138.900	104.175
160x200	149.900	112.425
180x200	164.900	123.675

## Nature's Comfort:

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm<sup>2</sup>
- Steyptar kantstyrkingar

## PÁSKATILBOÐ

FERMINGAR  
TVENNADÚNMJÚKT  
TVENNUTILBOÐO&D dúnsæng - Stóri björn  
· 50% dúnn og 50% smáfiður  
Fullt verð: 19.900 kr.+ Dúnkoddi - Stóri björn  
Fullt verð: 5.900 kr.Fullt verð samtals:  
25.800 kr.

19.800 kr.

FERMINGAR  
TILBOÐMISTRAL HOME  
sængurfötSængurföt úr 100%  
bómullarsatíni  
þrjú litir.  
300 tc.Fullt verð:  
8.990 kr.

6.990 kr.

Þú finnur nýja  
Páskabæklinginn  
okkar á  
www.dorma.isHoltagörðum  
512 6800  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, ÍsafjörðurAfgreiðslutími Rvk.  
Mán. til fös. kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-16  
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn ræstast

## Málamiðlun byggð á ótta

Stefán Jón  
Hafstein  
í áhugahópi um  
sjálfbæra þróun  
og lýðræði

Traust á Alþingi hlýtur að vera komið niður fyrir neðsta bilakjallarann í miðbænum eftir að myndast hefur víðtæk andspyrnuhreyfing þingmanna við þá 80.000 kjósendur sem vilja leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar breytingum á stjórnarskrá.

Það er niðurlægjandi fyrir landslýð að sjá fulltrúa sína henda út í hafsauga niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu og setja fram í staðinn eigin tillögur sem eru „mús“ að sögn fyrrverandi forsætisráðherra, þess sem meistar virðingar nýtur þeirra sem setið hafa á þeim stóli nýverið. Eins og Valgerður Bjarnadóttir, einn nefndarmanna, segir heiðarlega um tillögurnar: „Ákvæðin eru rýr og þau eru ekki auðskilin“ – eftir 49 fundi í fullkomnum vinnufriði fyrir luktum dyrum og þrjú ár sem enda í vonlausu tímahraki. Og gefa svo almennigi örfáa daga til að koma með athugasemdir.

## Lýðræðisótti

Alþingi er þjakað af lýðræðisótt. Ótal þvergirðingar eru reistar til að varna því að fólk geti hnekkst lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu (mun einfaldara verður að virkja tilkippilegan Bessastaðabónða hverju sinni), en verra er að ekki verður hægt að krefjast þess sama um þingsályktunartillögur sem oft eru stefnumótandi og afdrifaríkar fyrir þjóðina (inngangan í Nató, umsókn til Efnahagsbandalagsins). Þá hafnar þingið þeirri

góðu tillögu Stjórnlagaráðs að samtök fólks fái frumkvæðisrétt um að leggja mál fyrir Alþingi (svo sem um að slíta viðræðum við Evrópusambandið eða banna verðtryggingu). Þeir „kerfisflokkar“ sem á undanförunum árum hafa misst fylgi sitt hjá þjóðinni úr 90% niður í um 50% eru staddir í gjá milli þings og þjóðar.

## Alþingi í andstöðu við sjálf sig

Tveimur árum eftir Hrun samþykkti Alþingi samhljóða mikla ályktun vegna skýrslu Rannsóknarnefndar, þar sem meðal annars sagði: „Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmalmenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur.“

... Alþingi ályktar að mikilvægt sé að allir horfi gagnrýnum augum á eigin verk og nýti tækifærið sem skýrslan gefur til að bæta samfélagið. Og já, svo ályktaði Alþingi að endurskoða ætti stjórnarskrána. Öll hegðun og breytni þingmanna og flokka sem sátu á þingi á fyrria kjörtímabili og þessu bendir til að þeir séu í harðri andstöðu við þessi fyrirheit, með örfáum heiðarlegum undantekningum.

## Vanhæfir flokkar

Við þær aðstæður sem nú eru hjá flokkunum er einfaldlega borin von að nokkuð skaplegt fæðist. Stjórnarflokkarnir báðir rúnir fylgi, ekki er hægt að vanmeta hve illa málið hefur leikið Samfylkinguna sem býr við þann freistnivanda að koma „málinu út úr heiminum“ meðan stór hluti VG hefur alltaf verið hálfvolgur (og Björt framtíð að hverfa). Styrkurinn, þorið og baráttuviljinn fyrir gagngerum umbótum er enginn – og við þessar aðstæður sameinast flokkarnir um að ýta vandanum frá sér – kaupa frið með lágmarks-



Við þær aðstæður sem nú eru hjá flokkunum er einfaldlega borin von að nokkuð skaplegt fæðist.

kostnaði – sem er versta leiðin til að bæta stjórnarskrá.

## Hvað með tillöguna?

Fyrir ólöglerða er flókið að lesa sig með gagnrýnisglæraugum gegnum þessar þrjár tillögur til úrbóta, en verri þó greinargerðin sem með fylgir, beinlínis illa skrifuð. En af umræðum og athugasemdum lærðra manna og leikra má ráða að venjulegu fólki sé vorkunn, því þegar eru hafnar deilur um hvað tillögurnar þýða og til hvers þær muni leiða.

Sumt virðist til verulegra bóta, annað tortryggilegt, sérstaklega þegar það er lesið með greinargerðinni. Viðvaningsbragur er að taka ekki á nauðsynlegum breytingum vegna alþjóðlegra samskipta og aamt að hvergi er víkið að óljósu og hættulega illa skilgreindu hlutverki forseta. Viðbrögðin úti í samfélaginu hafa leitt í ljós að sú yfirborðskennda „satt“ sem náðist um málið á Alþingi (sem þegar er tekið að kvarnast úr) nær ekki út til okkar hinna sem höfum áhuga á umbótum og siðbót í íslenski stjórnmalmenningu. Líklegast er að málið muni lognast útaf þegar hálfvolgur stuðningur eða andstaða valinkunnra þingmanna hittir fyrja fjölda málefna-legra athugasemda og mótmæla í samfélaginu. Þar til við kjósum forseta og þing sem vilja í raun og sann lýðræðisumbætur, treysta almanna-hagsmunum og virða þjóðina.

## Óásættanleg tillaga

Bryndis  
Snæbjörnsdóttir  
formaður Lands-  
samtakanna  
ÞroskahjálparFriðrik  
Sigurðsson  
fulltrúi sam-  
takanna í endur-  
skoðunarnefnd  
almannatrygginga

Grunnskylda almanna-  
tryggingakerfis er að tryggja  
sómasamlega framfærslu  
þeirra sem vegna skertrar  
starfsgetu geta ekki tryggt af-  
komu sína með öðrum hætti.  
Á það leggja Landssamtökin  
Þroskahjálpar höfuðáherslu.

bætur almannatrygginga, viðunandi lífskjör.

Einnig var lögð áhersla á það af hálfu samtakanna að tryggingabótakerfið virkaði atvinnuhvetjandi fyrir alla og þá ekki síst fyrir lífeyrisþega með lágur atvinnutekjur, t.d. undir 100.000 krónum á mánuði.

Í tillögum meirihluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að afnema öll frítekjumörk, þar með talið frítekjumark vegna atvinnutekna. Þessar hugmyndir leiða til þess að öryrkjar með lágur atvinnutekjur munu margir hverjir bera minna úr býtum en nú er. Þær hugmyndir sem fram hafa verið settar um einhvers konar sérreglu/ákvæði til bráðabirgða til að tryggja að þessir einstaklingar beri ekki minna úr býtum er allsendis ófullnægjandi að mati samtakanna, ekki síst í því ljósi að nýtt almanna-tryggingakerfi samkvæmt tillögum nefndarinnar mun kosta umtalsvert meira en núverandi kerfi.

Landssamtökin Þroskahjálpar geta því ekki staðið að tillögu sem hefur þessar afleiðingar og leggja samtökin til að viðhaldið verði frítekjumark vegna atvinnutekna hjá öryrkjum.

Þeir einstaklingar sem hafa atvinnutekjur undir 100 þús. krónum á mánuði eru í langflestum tilvikum fólk sem þrátt fyrir verulega skerta vinnugetu er að reyna að taka

þátt á vinnumarkaði oft með töluverðri fyrirhöfn og einnig fólk sem stundar vinnu á vernduðum vinnustöðum sem hluta af starfsþjálfun og almennri endurhæfingu. Er ástæða til að draga úr þeim hvata sem þetta fólk hefur til atvinnuþátttöku?

## Rýr ef nokkur ávinningur

Þá ber að hafa í huga að margir einstaklingar sem eru á leið út á vinnumarkaði byrja í hlutastörfum þegar þeir fara að feta sig til aukinnar atvinnuþátttöku. Það er augljóslega letjandi og ósanngjarnt að þeim mæti skerðingar upp á 45-52,5% og því til viðbótar tekjuskattur sem samtals þýðir um 70% skerðingu á atvinnutekjum. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að umtalsverður kostnaður fylgir því að koma sér til og frá vinnu, auk annars kostnaðar sem fylgir atvinnuþátttöku. Hætt er því við að efnahagslegur ávinningur fyrir þetta fólk, gangi tillögur nefndarinnar fram óbreyttar, verði afar rýr ef nokkur af atvinnuþátttöku.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur, eftir að henni barst umrædd skýrsla í hendur, velt því upp opinberlega hvort heppilegra væri að gera skýrari greinarmun á almanna-tryggingabótum örorkulífeyrisþega annars vegar og ellilífeyrirþega hins vegar. Landssamtökin Þroskahjálpar eru sömu skoðunar og benda á ólíka tekjudreifingu þessara hópa nú þegar. Sá mismunur á eftir að aukast með aukinni hlutdeild lífeyrissjóðsgreiðslna hjá ellilífeyrisþegum. Lítil atvinnuþátttaka öryrkja og það að margir verða öryrkjar ungir veldur því að annað er upp á teningnum hvað þann hóp varðar. Grunnskylda almanna-tryggingakerfis er að tryggja sómasamlega framfærslu þeirra sem vegna skertrar starfsgetu geta ekki tryggt afkomu sína með öðrum hætti. Á það leggja Landssamtökin Þroskahjálpar höfuðáherslu.



## TÆR OG EINSTAKUR HLJÓMUR



H2: kr. 33.000  
H6: kr. 66.000



A2: kr. 62.000



BEOLIT 15: kr. 85.000

BANG & OLUFSEN

**ORMSSON**

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

**Bikarmeistarar í blaki fögnuðu í Laugardalshöll**

Afturelding í kvennaflokki og KA í karlaflokki fögnuðu sigri í bikarúrslitum Blaksambandsins. Afturelding vann annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ♫ Dalakollur

Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur

Dalakollur minnir á Brie í útliti en er þéttari og því skeranlegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.

Osturinn er nefndur eftir hersinum Kolli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölunum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var föðurafi Hallgerðar langbrókar.



# Fimmta sæti en vildi meira

Aníta Hinriksdóttir var ekki nógu sátt eftir að hafna í fimmta sæti í 800 metra hlaupi á HM innanhúss. Náði einnig fimmta sæti á EM innanhúss í fyrra.

**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir, hlaupadrottningin úr ÍR, hafnaði í fimmta sæti í 800 metra hlaupi á HM innanhúss sem kláraðist í Portland í Bandaríkjunum í gærkvöldi. Aníta var um stund fjórða í hlaupinu en missti eina fram úr sér og kom fimmta í mark á tímanum 2:02,58 mínútum. Hlaupið hjá henni var lakara en í undanrásunum en það er góð ástæða fyrir því.

„Þarna voru lakari millitimar og í svona aðstæðum kemur í ljós hverjar eru virkilega þær bestu. Hraðabreytingarnar eru þannig að keyrt er rosalega í lokin. Það er miklu erfiðara því þá er komin mikil mjólkursýra í vöðvana. Anítu vantar enn smá styrk til að halda í við þær bestu á svona spretti,“ sagði Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu, þegar Fréttablaðið heyrði í honum eftir hlaupið í gær.

**Aníta ósátt** Gunnar Páll var sáttur með árangurinn enda fimmta sæti í baráttu við bestu hlaupara heims ekki slæmt fyrir þessa tvítugu stúlku. Hún náði einnig fimmta sæti á EM innanhúss í fyrra og fylgdi því eftir með sama sæti á sterkara móti.

„Ég sjálfur get ekki verið annað en sáttur en fyrstu viðbrögð Anítu voru ekki þau sömu. Hún gerir svo miklar kröfur til sín. Aníta vill bara vera í baráttunni um verðlaun,“ sagði Gunnar Páll.

Aníta var tekin í lyfjapróf eftir hlaupið og því náði Fréttablaðið ekki tali af henni í gærkvöldi. Gunnar Páll hittir hana fyrst skömmu eftir hlaupið og svo aftur rétt áður en henni var fylgt inn í lyfjaprófið.

„Aníta var bara alls ekkert sátt og vildi gera betur. Hún er í þessu til að berjast um verðlaun en það

bara gekk ekki að þessu sinni,“ sagði þjálfarinn.

### Pressan á stóra sviðinu

Francine Niyonsaba frá Búrúndi varð heimsmeistari á 2:00,01 mínútum og Aje Wilson frá Bandaríkjunum varð önnur á 2:00,27 mínútum. Bronsið féll svo í skaut Margaret Wambui frá Kenía sem hljóp á 2:00,44 mínútum en fyrstu fjórar í hlaupinu hlupu allar undir 2:01,00 mínútum.

Aníta hefði því þurft að stórbæta Íslandsmeistur sinn upp á 2:01,56 mínútur til að komast á pall í Portland í gærkvöldi.

„Það er bara svona að vera komin undir alvöru pressu á stóra sviðinu. Þá er erfitt að gera alveg það sama á og maður er að gera á æfingum en Aníta hefur verið sterk á þeim undanfarið. Aníta getur alveg hlaupið hraðar en bara ekki í svona hlaupi. Það er samt frábært hjá henni að fylgja fimmta sætinu á EM í fyrra eftir með fimmta sæti núna,“ sagði Gunnar Páll og bætti við:

„Anítu langar að vera í baráttunni um verðlaun og hún getur það. En þetta eru nú þær allra bestu sem hún er að keppa við. Ég er sáttur við niðurstöðuna en hún er ekki alveg sátt.“

tomas@365.is

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

Everton	0-2	Arsenal
Chelsea	2-2	West Ham
C. Palace	0-1	Leicester
Watford	1-2	Stoke
WBA	0-1	Norwich
Swansea	1-0	Aston Villa
Newcastle	1-1	Sunderland
Southampton	3-2	Liverpool
Man. City	0-1	Man. Utd
Tottenham	3-0	Bournemouth

### Efst

Leicester	66	C. Palace	33
Tottenham	61	Norwich	28
Arsenal	55	Sunderland	26
Man. City	51	Newcastle	25
West Ham	50	Aston Villa	16


### Neðst

### Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór var að vanda í byrjunarliði Swansea sem vann mikilvægan sigur á Aston Villa. Gylfi heldur áfram að fara á kostum en hann lagði upp sigurmarkið.

**Stærstu úrslitin** Hver sigur Leicester er öðrum stærri þessa dagana. Toppliðið vann 1-0 sigur á Palace og er enn með fimm stiga forskot á toppnum.

**Metjan** Þegar sumir voru farnir að efast um Marcus Rashford eftir smá markaburð steig táningurinn upp og skoraði sigurmarkið í borgarslagnum. Hrikalega mikilvægt mark fyrir United.



**Kom á óvart** Miðað við hvernig Southampton spilaði í fyrri hálfleik á móti Liverpool kom endurkoma liðsins í seinni hálfleik gróarlega á óvart. Dýrlingarnir breyttu stöðunni úr 0-2 í 3-2.

### Olís-deild karla

#### Akureyri - ÍBV 26-27

**Akureyri:** Heiðar Þór Aðalsteinsson 8/3, Kristján Orri Jóhannsson 6, Brynjar Hólm Grétarsson 3, Sigþór Heimisson 3.

**ÍBV:** Theodór Sigurbjörnsson 8/2, Kári Kristján Kristjánsson 6, Andri Heimir Friðriksson 4, Grétar Þór Eypörsson 3.

Efri hlutinn	Neðri hlutinn
Haukar 43	Grótta 23
Valur 37	Fram 22
ÍBV 26	Akureyri 21
Afturelding 26	ÍR 16
FH 25	Vikingur 8

### Úrslitakeppni Domino's-deild karla

#### Tindastóll - Keflavík 96-80

**Tindastóll:** Darrel Keith Lewis 25/8 fráköst/5 stoðsendingar, Pétur Rúnar Birgisson 19/7 stoðsendingar, Anthony Isaiha Gurley 15, Myron Dempsey 12/8 fráköst.

**Keflavík:** Jerome Hill 22/11 fráköst/5 stoðsendingar, Magnús Már Traustason 14, Valur Orri Valsson 13/5 stoðsendingar, Magnús Þór Gunnarsson 13.

**Tindastóll leiðir einvigið, 2-0.**

#### Grindavík - KR 77-91

**Grindavík:** Þorleifur Ólafsson 20, Charles Wayne Garcia Jr. 19/7 fráköst, Jón Axel Guðmundsson 11/7 fráköst/5 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 10/8 fráköst.

**KR:** Michael Craion 26/7 fráköst, Darri Hilmarsson 17/6 fráköst, Helgi Már Magnússon 16/7 fráköst/5 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 13, Pavel Ermolinskij 10/11 fráköst/10 stoðsendingar.

**KR leiðir einvigið, 2-0.**

## Í dag

**19.15 Þór Þ. - Haukar** Glacial-höllin  
**19.15 Njarðvík - Stjarnan** Ljónagr.  
**21.00 Messan** Sport 2

**18.30 Kórufuboltakvöld** Sport  
**21.00 Messan** Sport 2



## VERNDARSTAFIR FYRIR HEIMILI

Hönnunarfyrirtækið **Further North** var meðal sýnenda á HönnunarMars. Fyrirtækið hefur vakið athygli fyrir skemmtilega hönnun sem byggir helst á lambaskinni. Stefnt er á sýningu erlendis í ár.



MYND/ANTON BRINK

## TUDOR RAFGEYMAR



STERKIR **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla.

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulbrótarbuff



Púðarnir sem eru á myndinni eru úr nýju seríunni sem heitir WM og ég vann meðal annars með grafíska hönnuðinum Arnari Fells – þetta eru meðal annars púðar sem saumuð hafa verið á hvítgaldurstákn. MYND/ÍRIS ANN

## FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,9% lesa Fréttablaðið

29,9% lesa Morgunblaðið

Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

» Auður Gná Ingvarsdóttir er lærður innanhússarkitekt frá Barcelona en þar bjó hún og starfaði um tíu ára skeið. Eftir að hún flutti heim til Íslands vann hún að ólíkum verkefnum þar til hún stofnaði fyrirtækið Further North með það í huga að hanna og framleiða fylgihluti fyrir heimili.

Hún segir hugmyndina að stofnun fyrirtækisins hafa blundað í sér heillengi en kveikjan að stofnun þess hafi verið ferð hennar norður í Skagafjörð þar sem hún heimsótti sútunarstöðina sem í dag heitir Atlantic Leather. „Ég vissi lítið sem ekkert um sútun skinna en sá strax að þarna var hráefni sem væri tilvalið að vinna úr. Það kom síðan á daginn að Atlantic Leather er afbragðs fyrirtæki en næstum allt sem þeir súta er sett í útflutning en ekki fullunnið hér heima.“

Auður hóf því að vinna með lambaskinn og framleiddi í upphafi púða og veski. Fyrir tveimur árum kynnti hún til sögunnar spegilinn Eileen á Hönnunarmars og hefur síðan verið að kynna nýja liti á honum til sögunnar. „Á sama tíma fórum við Arnar Fells, sem er grafískur hönnuður, í samstarf og úr varð textillína þar sem tákn sem tengjast hvítgaldri eru notuð. Arnar hafði unnið loka-verkefni sitt út frá þessum táknum og ég leitaði til hans með samstarf í huga, einfaldlega af því að mér fundust táknið sjálf svo falleg og heillandi. Það að þau séu hluti af menningararfi okkar er bara bónus en fyrst og fremst höfðu þau til mín fagurfræðilega. Við



Hluti af WM línunni, skemill með áföstu leðurköggi sem einnig hefur verið notað í sjálfa púðalínuna

völdum síðan tákn sem á einhvern hátt teljast vera verndarstafir fyrir heimili.“

### FRAMÚRSKARANDI FLOTT

Auður tók þátt í Hönnunarmars fyrr í þessum mánuði og var ánægð með útkomuna. „Hönnunarmars verður betri með hverju árinu sem líður og það er mjög gaman að taka þátt. Íslensk hönnun er að verða svo framúrskarandi flott og það liggur svo mikill auður í þessum geira. Að mínu mati þarf að gera meira til að styðja við bakið á fólki og fyrirtækjum sem ákveða að fara út í þennan bransa. Maður furðar sig t.d. oft á því hvernig öll þessi flottu skandinavísku vörumerki ná oft að verða alþjóðleg innan fárra ára en það er út af því að það þykir skynsamlegt að fjárfesta í hönnun í þessum löndum. Við eigum ennþá dálítið langt í land með að ná þeirri hugsun en Hönnunarmars hjálpar þar verulega upp á að sýna alla ástríðuna og alvöruna sem í þetta er lögð.“

Framundan hjá Auði er að koma vörulínunni WM í framleiðslu og sölu en hana kynnti hún á Hönnunarmars. „Ég er með púða, bæði úr textíl og leðri, auk þess sem ég ætla að láta framleiða ullarteppi og eitthvað slórast þetta yfir í húsgögn í formi efna til bólstrunar. Á planinu er líka að komast á eina sýningu erlendis og finna hver viðbrögðin eru við mínum vörum þar.“

Frekari upplýsingar um vörur Further North má finna á [www.further-north.com](http://www.further-north.com) og á Facebook.

Endalaust 365

# ENDALAUS GSM

1817 | 365.is

365

## Ljúffengur heimagerður kaffidrykkur

Einhvern veginn virðast allir kaffidrykkir vera betri og girnilegri þegar þeir eru keyptir á kaffihúsi. Það er þó um að gera að reyna að líkja eftir kaffihúsastemningunni heima fyrir og skipta uppá-hellingnum út fyrir eitthvað meira spennandi. Eins og þennan karamellumokkadrykk.

### KARAMELLUMOKKADRYKKUR

½ bolli rjómi  
1 msk. flórsykur  
1 tsk. vanillusykur  
¼ bolli kakó  
1½ bolli matreiðslurjómi  
4 bollar heitt, sterkt kaffi  
½ karamellusírópi

Hrærið rjómann í skál þar til hann verður hálfþeyttur, bætið þá flórsykri og hálfri teskeið af vanillusykri út í og hrærið þar til þeytt. Hitið á meðal-hita í stórum potti matreiðslurjóma, setjið kakó út í og hrærið. Þegar suðan fer að koma upp bætið kaffi, karamellusírópi og hálfri teskeið af vanillusykri út í og hrærið. Hellið svo í hátt glas, setjið þeytta rjómann ofan á og hellið karamellusírópi yfir.



## Nýtt frá Campana bræðrum

Nokkrar nýjar línur frá brasilíska hönnunardúóinu Humberto og Fernando Campana verða til sýnis á sýningunni Manufatura sem verður opnuð í Carpenters Workshop galleriinu í París þann 1. apríl. Tíu nýir munir úr ranni Campana bræðranna verða til sýnis. Bolotas línan inniheldur meðal annars hægindastól og sófa úr mjúku lambaskinni sem á að líkja eftir hreiðri.

Hægindastóll hinna þúsund augna kallast annað verk frá Campana sem þeir bræður unnu í samstarfi við ítalska tískurissann Fendi. Stóllinn er samansettur úr loðnu skinni sem skreytt er augum. Campana bræðurnir hafa unnið saman frá árinu 1983 og hafa skapað muni sem sameina list og hönnun. Þeir eru þekktir fyrir notkun sína á óvenjulegum efnivið á borð við leikföng og reipi.



## SKÍTUGUSTU HORN HEIMILISINS

1. Ef eldhúsinnréttingin nær ekki upp í loft eru allar líkur á þar safnist fyrir ryk og fita. Flestir eru vel meðvitaðir um það en jafn margir horfa fram hjá því í lengstu lög enda fæstir sem sjá þann skít hvort eð er.
2. Sófapúðarnir eru líka gróðrarstía, jafnvel þótt þvegið sé utan af þeim reglulega. Púðana sjálfa þarf að þvo að minnsta kosti tvisvar á ári. Það sama á við um sængur og kotta.
3. Inni í skápum leynist gjarnan mikið ryk og drulla. Það er freistandi að loka og þykjast ekki sjá en betra að fara reglulega yfir þá eins og annað.
4. Hurðarhúnar eru jafnan mjög skítugir og gleymast yfirleitt við þrif. Það er gott að strjúka yfir þá með sótthreinsandi efni mánaðarlega.
5. Ef það er motta á heimilinu er næsta víst að þar undir leynist ryk og drulla í meira mæli en annars staðar á heimilinu.
6. Raftæki eru jafnan mest notuðu hlutir heimilisins en verða engu að síðar útundan við þrif. Þau soga hins vegar í sig mikið ryk. Því er nauðsynlegt að strjúka af sjónvarpinu og þrífa fjarstýringar, lykklaborð og tölvur endrum og sinnum.



# SKÍNANDI PÁSKATILBOÐ

NÚ Í AÐDRAGANDA PÁSKANNA HÖFUM VIÐ ÁKVEÐIÐ AÐ BJÓÐA OKKAR ALBESTA VERÐ



Baðherbergi



Vandaðar hirslur

Þvottahúsinnréttingar

Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl.

15%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
INNRÉTTINGUM  
TIL PÁSKA



# SANNKALLAÐ PÁSKAVERÐ


KOMDU MEÐ MÁLIN og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

VIÐ KOMUM HEIM TIL ÞÍN, tökum mál og ráðleggjum um val innréttingar.

ÞÚ VELUR að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, samsetta, eða samsetta og uppsetta.

FAGMENNASKA Í FYRIRRÚMI Þú nýtur þekkingar og reynslu og fyrsta flokks þjónustu.

ELBA  
RAFTÆKI  
FYRIR ELDHÚSIÐ



Helluborð



Ofnar

20% AFSLÁTTUR AF  
RAFTÆKJUM



Viftur




Kælikápar

VÖNDUÐ RAFTÆKI  
Á VÆGU VERÐI



Uppþvottavél



Háfar

SCAN

ABYRGÐ - ÞJÓNUSTA  
5 ár á innréttingum, 2 ár á raftækjum.  
Fríform annast alla þjónustu.  
(Trésmiðaverkstæði,  
raftækjaviðgerðaverkstæði)

friform.is

Mán. - föst. kl. 10-18 · Laugardaga kl. 11-15

**Friiform**

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Myndum af fermingar barninu Elisabetu var raðað upp í E til heiðurs henni.



Elisabet Erla bjó gestabókina og pennann til sjálf í skólanum.



Til skreytingar í veislu Sigurðar Hrafnar var notaður gamall gítar sem var mikið notaður af honum þegar hann var litill og veiðistöng sem er uppáhald hjá honum í dag.



Kleinhúringir voru uppáhald Ingimars og átti vel við að nota þá í skreytingar í fermingarveislunni hans.



Í veislu Ingimars Andra var bláum smarties dreift á borðin og flögg hengd á veggina til að lífga upp á þá.



Gamlir skór sem Ingimar lærði að ganga í voru skreyttir á sama hátt og hafðir uppi á kökuborðinu í veislunni hans.

## HUGMYNDAFLUGIÐ LÁTIÐ RÁÐA FÖR

Nú er tími ferminga og margir sem halda veislur í tilefni þeirra þessa dagana. Algengt er að salurinn sem veislan er haldin í eða heimilið séu skreytt til heiðurs fermingar barni. Skreytingar þurfa ekki að vera dýrar.

Algengt er að skreytingar í fermingarveislur séu í anda fermingar barnsins og oft eru hlutir sem það á eða hefur notað nýttir í skreytingarnar. Í veislum fermingar barnanna Elísabetar Erlu Birgisdóttur, Sigurðar Hrafnar Arasonar og Ingimars Andra Ómarssonar sem öll voru fermd á síðasta ári var raunin sú.

### TITILL FYRIR FJÓLUBLÁA

Inga B. Jónsdóttir, móðir Elísabetar Erlu, segir tengdamóður sína hafa átt heiðurinn af skreytingum í veislu Elísabetar Erlu. „Hún gerði kertaskreytingarnar og skreytti salinn ásamt mágkonu minni. Efniviðinn í skreytingarnar keypti ég hér og þar, kippti með mér pakka af hinu og þessu ef ég sá eitthvað í takt við þema veislunnar.“

### HRAFNAÐ ALLS STAÐAR

„Þar sem sonur minn heitir Sigurður Hrafn langaði okkur að nota hrafnninn sem hluta af þemanu í veislunni hans,“ segir Guðbjörg Hulda Sigurðardóttir. „Við vorum með krummaservíettur og svo sagði ég út og málaði krumma sem ég setti á borðin ásamt fjörusteinum sem ég hafði stenslað hvíta krumma á. Ég er mikið fyrir blúndur en líka grófa og náttúrulega hluti og það er gaman að blanda því saman.“ Guðbjörg segist hafa gert flestar skreytingarnar með góðum fyrirvara. „Það er sniðugt að vera tímanlega í þessu og hafa gaman af.“

### KLEINUHRINGJASKRAUT

Ragnheiður Birgisdóttir, stjúpmóðir Ingimars Andra, segir að þau hafi viljað hafa skreytingarnar öðruvísi, skemmtilegar, óhefð-

bundnar og að Ingimar væri sáttur við þær. „Kleinhúringir voru uppáhaldið hans Ingimars og átti vel við að nota þá í skreytingar. Skreytingarnar á borðum voru blómapottar úr IKEA með þurrskreytingarsvamp ofan í og álpappír utan um hann. Svo þræddi ég litla kleinhúringi og vanillubollur á grillpinna og stakk ofan í. Ég tindi strá sem vaxa við sjóinn á Akureyri og sprejjaði þau blá og stakk með til þess að það stæði eitthvað eftir þegar búið væri að borða úr skreytingunni.“

Ragnheiður segir skreytingar alls ekki þurfa að kosta mikið og það sé um að gera að hafa þær skemmtilegar. „Og ekki er verra ef hægt er að gæða sér á þeim. Fermingarveisla þarf ekki að kosta mikið, aðalmálið er að gera daginn eftirminnilegan og láta hugmyndaflugið ráða för.“



Guðbjörg keypti striga í metratáli og klippti hann niður í renninga. Fékk sér svo hvítan blúndurenning, lagði yfir strigann og fékk þannig fallega borðskreytingu.

# Fyrirtækjaþjónusta

21. mars 2016

KYNNINGARBLAÐ Síminn | IKEA | Faktoría



„Þjónusta Símans á fyrirtækjamarkaði er eins og við viljum hafa hana; framúrskarandi,“ segir Þórður Guðjónsson, forstöðumaður Viðskiptastýringar og sölu hjá Símanum. MYND/ERNIR

## Fyrirtækjaþjónustunni umbýlt

**Síminn** breytti þjónustunni við fyrirtæki á síðasta ári og lofar þeim sem eru í viðskiptum einni yfirferð á kjörum og áskriftum að lágmarki á ári. Fimmtán hundruð fyrirtæki eru í stýringu, sem er mikil fjölgun milli ára, og stefnt er á að fjölga þeim enn frekar á næstunni.

Fimmtán hundruð fyrirtæki eru í stýringu hjá fyrirtækjaþjónustu Símans eftir að þjónustunni var umbýlt á síðasta ári. Fyrirtækjunum fjölgaði um fjögur hundruð milli ára og stefnir Síminn á að fjölga þeim sem fá sinn eigin þjónustufulltrúa enn frekar, að sögn Þórðar Guðjónssonar, forstöðumanns Viðskiptastýringar og sölu hjá Símanum. Hann er stoltur af niðurstöðunni og segir breytinguna hafa mælst afar vel fyrir hjá viðskiptavinum.

„Samhliða aukinni sjálfvirkni í þjónustu okkar fórum við líka í þveröfuga átt, persónugerðum þjónustuna og tókum fleiri fyrirtæki inn í stýringu. Við sáum að markaðurinn kallaði eftir slíkum breytingum og tókum með markvissum hætti á tímasóun í ferlum með þeim árangri að tíminn nýttist til hins betra fyrir viðskiptavinum okkar. Fjarskiptamarkaðurinn

breytist hratt og þá er lykilatriði að halda viðskiptavinum ánægðum og veita þeim eins góðar vörur og þjónustu og hægt er. Þjónusta Símans á fyrirtækjamarkaði er eins og við viljum hafa hana; framúrskarandi.“

### Mikil ánægja

Viðskiptavinir Símans á fyrirtækjamarkaði hafa tekið breytingum afar vel að sögn Þórðar. „Það er óhætt að segja að fyrirtækin hafi tekið þessum breytingum fagnandi. Við finnum fyrir mikilli ánægju. Viðskiptavinum finnst stór plús að hafa nú persónulegan tengilið innan Símans sem gætir hagsmuna þeirra og sparar þeim um leið tíma.“

Þórður segir að fyrir smærri fyrirtæki sé breytingin sérstaklega þægileg enda hafi þau færri starfsmenn innanborðs til að sinna fjarskiptamálum. „Þá er gott að vita af tengilið sínum hjá Símanum sem

þekkir þarfir fyrirtækisins og sér til þess að viðkomandi fyrirtæki sé í eins góðum málum og hægt er á hverjum tíma.“

Hann segir sérgrein Símans að bjóða góða þjónustu. „Þjónusta getur ráðið úrslitum þegar kemur að því að velja við hvaða fjarskiptafyrirtæki er skipt. Því bjóðum við fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við okkur eina yfirferð á kjörum og áskriftum að lágmarki einu sinni á ári. Viðskiptavinir eru því á bestu kjörum sem við bjóðum á hverjum tíma.“

### Samkeppnin til fyrirmyndar

Samkeppnin á fjarskiptamarkaði héraðs er mjög mikil að sögn Þórðar og raunar mun meiri en marga grunar. „Sú samkeppni mætti vera öðrum til fyrirmyndar. Tæknin breytist hratt og nýjar vörur og þjónustubættir spretta stöðugt fram. Síminn þarf því að

vera mjög vakandi fyrir öllum þessum breytingum. Við vinnum stöðugt að því að standa undir því nafni að vera traust og áreiðanleg. Þá er einn helsti kostur Símans að þar starfar reynsluríkt fólk. Það þekkir fyrirtækin og markaðinn vel þegar sérsníða á fjarskiptalausnir fyrir fyrirtæki.“

Það ríkir því góð stemning innan fyrirtækjaþjónustunnar að sögn Þórðar. „Við erum meðvituð um samkeppnina, erum keppnisfólk og til í slaginn. Breytt fyrirkomulag fyrirtækjaþjónustu Símans hefur skapað meiri yfirsýn viðskiptavina og okkar. Nú nálgumst við viðskiptavinina ekki síður en þeir okkur enda dýrmætt að geta boðið góða þjónustu og eiga í góðu gagnvirku sambandi við viðskiptavini.“

Allar nánari upplýsingar um fyrirtækjaþjónustu Símans má finna á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

### ÞJÓNUSTUVEFUR

Á þjónustuvef fyrirtækja hjá Símanum þá þau yfirsýn yfir kostnað og notkun. Hægt að velja bæði einfalda eða ítarlega kostnaðargreiningu. Myndræn framsetning er á skiptingu kostnaðar og geta viðskiptavinir sniðið framsetninguna að sínum þörfum.

Á þjónustuvefnum má panta búnað, breyta áskriftarleiðum, virkja aukþjónustu og Ferðapakkann og færa þjónustu á milli reikninga.

# Góð tímastjórnun minnkar streitu

Streita og álag eru helstu óvinir vinnandi fólks. Margir kannast við að ná ekki að ljúka verkefnum dagsins og þurfa jafnvel að taka ókláruð verk með sér heim. Lára Óskarsdóttir, ACC stjórnendamarþjálfari, segir tímastjórnun mikilvæga til að brenna ekki út í starfi.

Lára Óskarsdóttir er sjálfstætt starfandi ACC stjórnendamarþjálfari og hefur haldið námskeið í tímastjórnun. Hún segir mikilvægt að fólk sé sjálft við stjórnvölinn í verkefnum dagsins og oft sé álagið afleiðing þess að tíminn nýtist ekki til fulls. Það sé slítandi að vera stanslaust á eftir áætlun en það geti kostað talsvert átak að ná tökum á tímastjórn og brjóta upp löngu fastmótaðar venjur.

„Fólk kemur sér upp einhverjum vana yfir vinnudaginn og rekur sig svo á þegar líður á daginn að það nær ekki að klára verkefni. Fer heim, yfir sig stressað yfir ókláruðum verkum og við tekur heimilislífið. Við erum eins og hamstrar í hjóli,“ segir Lára. Hún segir meirihluta fólks láta verkefni stjórnna tímanum, sem þýði að það sé ofurselt dagskrá sem aðrir stjórnari. Við þær aðstæður brenni fólk hratt út.

„Í sumum tilfellum ræður fólk illa við að segja við aðra, „nei, ég ætla mér að setja hlutina svona upp,“ en þeir sem þú veist að halda vel utan um tíma sinn hafa fundið leið til þess og eru stjórnendur eigin verkefna,“ segir Lára. „Fólk undir miklu álagi en með stjórn á álaginu þolir miklu meira en sá sem er undir álagi sem aðrir stjórnari. Þar er mikill munur á.“



Lára Óskarsdóttir er sjálfstætt starfandi ACC stjórnendamarþjálfari. Hún segir fólk brenna út ef því finnst það stanslaust á eftir áætlun.

MYND/LÁRA ÓSKARSDÓTTIR

## Excel leysir ekki allt

„Fólk heldur gjarnan að með því að læra á einhver verkfæri eins og skipulagstól og forrit muni það breyta öllu. Svipað eins og við höldum að með því að kaupa líkamsræktarkort komumst við sjálfkrafa í gott form. Það er þó ekki fyrr en við förum að vinna markvisst með þau atriði sem ekki eru að virka að eitthvað gerist. Ef við ætlum ekki að falla strax í sama farið eftir viku eða mánuð þarf



„Fólk heldur gjarnan að með því að læra á einhver verkfæri eins og skipulagstól og forrit muni það breyta öllu. Svipað eins og við höldum að með því að kaupa líkamsræktarkort komumst við sjálfkrafa í gott form.“ NORDIC PHOTOS/GETTY

að breyta vanahegðun sem við höfum komið okkur upp og það getur verið heilmikið átak, jafnvel ekki minna en þegar fólk hættir að reykja.“

## En hvað er til ráða?

„Í fyrsta lagi verðum við að setjast niður, draga andann og endur-

hugsa allt okkar verklag. Horfa þarf yfir daginn og skoða hverju við getum breytt strax og hverju við þurfum að vinna í til lengri tíma. Þau atriði sem snúa að okkur sjálfum getum við lagað strax. Til dæmis hvernig við vinnum gegnum tölvupóstinn okkar, getum við sleppt þessum fundi? Gef ég mér

yfirleitt tíma til að klára verkefni eða leyfi ég alltaf truflun? Stærri hlutir sem snerta aðra en bara okkur sjálf þarf lengri tíma til að vinna í og þarf að gera í samvinnu, endurhugsa verklag og skipulag tíma. Svo þarf aðhald til að falla ekki í sama farið, alveg eins og í líkamsræktinni.“

## UPPLIFUN SEM ÞÚ GETUR ALLTAF STÓLAÐ Á

Ástríða fyrir góðu kaffi er leiðarljósið við hönnun og framleiðslu allra FRANKE kaffivéla. Til að leita betri lausna í framleiðslu okkar höfum við kallað eftir álit og reynslu frá rekstraraðilum veitingastaða, kaffibrennslna og kaffiunnenda í þróunarferli okkar. Þessi þrotlaus vinna skilar okkur nú nýrri gerð kaffivéla, A600 og A200.

MAKE IT  
*Wonderful!*



Fyrirtækjajónustan aðstoðar fólk í fjölbreyttum rekstri um val á öllu frá borðbúnaði til innréttinga.



Skrifstofuhúsgögn sem vottuð eru til notkunar í atvinnustarfsemi fást í miklu úrvali í IKEA.



Bæklingur Fyrirtækjajónustunnar er nýkominn út. Hann má nálgast á vef IKEA og í versluninni.



Aðstoð við innréttingu hótela og gistiheimila hefur verið áberandi undanfarin misseri.

# Allt frá teskeiðum og upp úr

Allir í fyrirtækjarekstri vita að útlit og aðstaða skipta máli, fyrir starfsfólk og viðskiptavinum. Við innréttingu fyrirtækis, hvort sem þar starfar einn eða hundrað, þarf að huga að öllu frá grunnþörfum til smærri atriða sem setja punktinn yfir i-ið. Þetta tekur tíma og krefst þekkingar. Tími er dýrmætur og er oft betur varið í annað en að velja húsbúnað og skipuleggja. Þar getur fyrirtækjajónusta **IKEA** einfaldað lífið.

„Við veitum aðstoð og auðveldum viðskiptavinum okkar ferlið, allt frá hugmyndavinnunni til frágenginnar aðstöðu, hvort sem verið er að taka fyrstu skrefin, breyta til eða endurnýja alveg,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir hjá Fyrirtækjajónustu IKEA.

Starfsfólk Fyrirtækjajónustunnar býr yfir þekkingu á vörurúrvali og þjónustu IKEA og getur því aðstoðað þegar velja þarf viðeigandi húsbúnað, t.d. miðað við hversu mikið mæðir á honum. „Viðskiptavinir fá ráðgjöf við val á öllu frá teskeiðum og upp úr,“ segir Guðrún. Þægindin felast fyrst og fremst í því að Fyrirtækjajónustan sér um að halda utan um öll samskipti og innkaup þannig að framkvæmdir gangi sem best fyrir sig. Þannig fá viðskiptavinir betri yfirsýn yfir útgjöldin, minnka fyrirhöfn og spara líka tíma, sem er það eina sem allir fá jafn mikið af og virðist yfirleitt naumur.

## Fjölbreytt flóra fyrirtækja

Fyrirtækjajónustan aðstoðar alls kyns fyrirtæki við innréttingu húsnæðis en hótela og gistiheimila hafa verið áberandi undanfarin misseri. „Við höfum komið að því að innrétta og standsetja gistirými af öllum stærðum. Íbúðahótel verða til dæmis sífellt algengari og þá er algengt að við hönnum eldhúsaðstöðu sem uppfyllir öllu helstu skilyrði sem eldhús þarf að uppfylla, en rúmast á örfáum fermetrum,“ segir Guðrún Hlín. „Þarfirnar eru misjafnar. Við sinnum hverju fyrirtæki með það í huga og getum bent fólk á leiðir eða vörur sem það hefði mögulega ekki komið auga á sjálfst. Það er þetta persónulega samband sem skiptir máli til að við náum að sinna verkefninu vel og viðskiptavinurinn sé ánægður með útkomuna.“

## Hentar líka einstaklingum

Guðrún segir Fyrirtækjajónustuna einnig geta gagnast einstaklingum sem standa frammi fyrir stór-



Starfsfólk Fyrirtækjajónustu IKEA veitir ráðgjöf um vörur og þjónustu. Frá vinstri: Ingví, Ivan Ívar, Drifa, Guðrún Hlín og Viðar. Hægt er að setja sig í samband við þau á sala@IKEA.is

framkvæmdum. „Það er til dæmis tilvalið þegar verið er að innrétta nýtt húsnæði eða taka stærra hluta þess í gegn eins og eldhús eða bað. Þá veitum við í raun sömu þjónustu og fyrirtækjunum; höldum utan um

ferlið, veitum ráðgjöf og léttum viðskiptavininum þannig lífið svolítið.“


## Byggist á góðu samstarfi

Viðskiptavinum stendur önnur þjónusta IKEA einnig til boða eins

**” Fyrirtækjajónustan sér um að halda utan um öll samskipti og innkaup þannig að framkvæmdir gangi sem best fyrir sig. Þannig fá viðskiptavinir betri yfirsýn yfir útgjöldin, minnka fyrirhöfn og spara líka tíma.**

Guðrún Hlín Þórarinsdóttir

og samsetning, heimsending o.fl., gegn gjaldi. Annars er ráðgjöf Fyrirtækjajónustunnar og teikniþjónusta innréttinga ókeypis. „Viðskiptavinurinn tekur einfaldlega fyrsta skrefið með því að hafa samband við okkur og þaðan hefjum við samstarf sem byggist á þörfum viðkomandi,“ segir Guðrún Hlín.



## Posar sem henta þínum rekstri

Söluaðilar geta leigt posabúnað sem uppfyllir þeirra kröfur. Hægt er að velja um frístandandi posa, þráðlausa og posa tengda afgreiðslukerfi. Hvernig posi hentar þínum rekstri?

ÞÚ SÉRÐ UM SÖLUNA – VIÐ SJÁUM UM GREIÐSLUNA

**VALITOR**

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is



Jóhanna Ella Jónsdóttir, sálfræðingur og einn eigenda Hugtaks, mannauðsráðgjafar. Vanlíðan í vinnu geta skapað vandamál á vinnustað. MYND/STEFÁN

# Jákvæð samskipti á vinnustað mikilvæg

Líðan í vinnunni skiptir miklu máli fyrir framleiðni. Samkvæmt sænskri könnun finnur tæplega helmingur skrifstofufólks fyrir einhvers konar streitu eða vanlíðan í opnum vinnurýmum. Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um góð samskipti á vinnustað.

Jóhanna Ella Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Hugtaki, mannauðsráðgjöf, segist kannast við þessa vanlíðan. „Við höfum komið að ýmsum erfiðum starfsmannamálum,“ segir hún. „Það eru eineltismál, áreitni, ágreiningur á vinnustað, samskiptaörðugleikar, vinnustreita eða merki um kulnun í starfi,“ útskýrir hún. Yfirleitt eru það stjórnendur fyrirtækja sem leita til Hugtaks um aðstoð vegna vandamála á vinnustað.

Jóhanna Ella hefur verið með námskeið og fræðslu í fyrirtækjum víðs vegar um landið. „Við höfum verið með mjög vinsælt námskeið sem heitir Jákvæð samskipti á vinnustað og lausn ágreiningsmála. Þar tókum við dæmi um ágreining sem getur komið upp í opnum rýmum. Þetta námskeið hefur fengið mjög góðar viðtökur. Við höfum bæði farið í stærri og minni fyrirtæki og stofnanir, til dæmis hjá lögreglunni um allt land. Góð samskipti eru mikilvæg í öllu vinnuumhverfi. Það hjálpar mikið þegar stjórnendur viðurkenna að vandi sé

til staðar hjá fyrirtækinu og leita sér faglegrar aðstoðar.“

Þegar Jóhanna Ella er spurð hvort opin vinnurými geti skapað óþægindi á vinnustað svarar hún því játandi. „Það þekkest. Vegna nándarinnar er alltaf möguleiki á truflun og óþægindum. Opin rými eru góð að mörgu leyti, þau eru hagkvæm og auðveldar samráð og samvinnu. Hins vegar er meira um hljóð- og sjónáreiði sem getur haft truflandi áhrif á athygli, líðan og skapandi hugsun. Það eru kostir og gallar.

Fólk er auðvitað mjög mismunandi móttækilegt fyrir utanaðkomandi áreiti. Sumir taka ekkert eftir umhverfishljóðum á meðan aðrir eru mjög viðkvæmir fyrir þeim. Sömuleiðis er fólk mismunandi félagslynt upp á samvinnu og samtöl. Bástar teljast líka til opinna rýma þótt þeir gefi smávegis einangrun. Það fer eftir starfsemi fyrirtækisins hvað sé heppilegra. Stjórnendur fyrirtækja þurfa þó alltaf að bjóða upp á eitthvert lokað rými þar sem fólk getur farið

í einrúm. Ákveðin verkefni krefjast stundum mikillar einbeitingar. Best væri að bjóða upp á sveigjanleika, að hægt sé að komast í lokað athvarf eða vinna heima þegar þörf er á slíku næði.“

Jóhanna Ella kannast við ónæði af snjallsímum sem margir kvarta yfir. „Stundum þarf að setja ákveðnar vinnureglur um notkun á snjalltækjum í vinnu. Símar geta líka truflað fundi. Það yrði til bóta að fyrirtæki settu reglur varðandi þessa notkun,“ segir hún.

Ánægja í vinnu skiptir vinnuveitendur máli, neikvæð samskipti geta skapað mikla erfiðleika og óánægju. Slík staða getur þróast í alvarleg vandamál á vinnustað. Jóhanna segir að fólk hafi látið ýmislegt yfir sig ganga eftir hrúnið en það sé að breytast. „Ég held að með komandi kynslóðum láti fólk meira í sér heyra. Ungt fólk er opið og meðvitaðra um vinnuréttindi. Allir verða þó að hafa í huga að starfsmenn er líka ábyrgir fyrir því að skapa góða vinnuenningu og sýna gott fordæmi.“

## GAGNLEGUR FRÓÐLEIKUR

Vefurinn TED (www.ted.com) hefur notið mikilla vinsælda um allan heim um margra ára skeið. Þar má finna fjölda áhugaverðra og um leið hæfilega stuttra fyrirlestra um ýmis ólík viðfangsefni, þ. á m. mörg sem gagnast fólki í atvinnulífinu.

Fyrirlestrarnir hafa verið ókeypis síðan árið 2006 og í dag er hægt að finna þar um 2.400 fyrirlestra, m.a. sem tengjast markaðsfræði, sölu, fjármálum, frumkvöðlafræði og stjórnun. Nær allir fyrirlestrarnir eru undir 20 mínútum að lengd sem gerir þá enn þægilegri og formið á þeim er létt, skemmtilegt og fyrirlesarar upp til hópa afslappaðir og áreynslulausir. Meðal frægna stjórnenda úr atvinnulífinu sem hægt er að hlýða á er Bill Gates stofnandi Micro-



Markaðsgúrúinn Seth Godin er einn fjölmargra sérfræðinga á TED.

soft, Sheryl Sandberg, einn lykilstjórnenda hjá Facebook, Richard Branson, stofnandi Virgin, og Indra Nooyi, forstjóri PepsiCo, svo nokkur nöfn sé nefnd. Vefurinn er mjög vinsæll og hafa

vinsældirnir aukist jafnt og þétt. Sem dæmi má nefna að árið 2011 hafði verið horft og hlustað á um 500 milljónir fyrirlestra. Ári síðar var talan komin í um 1 milljarð og hún hefur hækkað jafnt og þétt síðan þá.

Þrátt fyrir vinsældir þeirra og útbreiðslu eru þeir ekki allra. Sumum finnst þeir draga upp full einfalda mynd af viðskiptalífinu og öðrum þáttum lífsins. Sívaxandi vinsældir gefa þó til kynna að sá hluti sé í miklum minnihluta. TED vefurinn er starfræktur af Sapling stofnuninni sem er ekki rekin í gróðaskyni.





## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • [landmark.is](http://landmark.is)

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarinn  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Eggert Mariuson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá  
Lúðvíksdóttir  
skjalagerð



Benedikt Ólafsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 661 7788



Nadia Katrín  
Sölufulltrúi  
Sími 692 5002



Helga Snorraddóttir  
Skjalavinnsla

## Ný stjórn Félags fasteignasala

Á aðalfundi Félags fasteignasala sem haldinn var í lok febrúar var kosin ný stjórn Félags fasteignasala. Ingibjörg Þórðardóttir sem verið hefur formaður félagsins undanfarin 9 ár ákvað að hætta og buðu fjórir aðilar sig fram til formanns. Á fundinum var Kjartan Hallgeirsson kosinn formaður Félags fasteignasala. Aðrir í stjórn félagsins eru Finnboogi Hilmarsson varaformaður, Þóra Birgisdóttir gjaldkeri, Reynir Erlingsson ritari og Hannes Steindórsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Davíð Ólafsson og Sylvía Waltersdóttir.

Að sögn Grétars Jónssonar, framkvæmdastjóra Félags fasteignasala, bíða stjórnarinnar fjölmörg spennandi verkefni. Má þar meðal annars nefna að tryggja að ný lög um sölu fasteigna nái tilgangi sínum en þau mæla skýrt fyrir að fasteignasalin eigi persónulega að sinna öllum meginverkefnum er varða milligöngu við fasteignaviðskipti. Þá eru framundan margháttáðar tæknibreytingar er varða störf fasteignasala en nauðsynlegt er að unnið sé vel og ábyrgt að þeim málum. Félag fasteignasala hefur átt mjög gott samstarf við stjórnvöld um margháttuð atriði er varða fasteignavið-



Nýja stjórnin samankomin á fundi. MYND/ERNIR

skipti og leggur ný stjórn mikið upp úr áframhaldandi traustu og góðu sambandi við þá aðila auk annarra aðila er tengjast fasteignamarkaðinum.

Allir félagsmenn Félags fasteignasala eru bundnir af ströngum siðareglum við störf sín og nú er unnið að umtalsverðum breytingum þeirra reglna sem vonandi verða samþykktar í apríl n.k. og þá hægt að

kynna út á við. Félagið heldur úti umfangsmikilli og vandaðri endurmenntun fyrir félagsmenn sem en frekar á að bæta í. Mikið er lagt upp úr úr góðum tengslum við Neytendastökin, Neytendastofu og eins almenna neytendur enda um að ræða almennt stærstu viðskipti fólks þar sem allt er undir þannig. FF býður upp á símatíma telji fólk eitt-hvað óljóst eða óskar skýringa á.

Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • [berg.is](http://berg.is)  
GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**  
lögg. fasteignasali  
[Petur@berg.is](mailto:Petur@berg.is)

www.fasteignasalan.is

Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Þórsgata 27** **79,9m**  
Opíð hús þriðjudaginn 22. mars kl. 17:00 - 18:00

OPTÐ HÚS

Vantar eignir á skrá Frítt verðmat

- Einbýlishús á 2 hæðum auk ris
- Gestahús
- Hús skráð skv ÞÍ 160,5 fm (136,9+23,6)
- Stór verönd í garði
- Endurnýjað eldhús
- Endurnýjuð baðherbergi
- Sér bílastæði

[elin@fasteignasalan.is](mailto:elin@fasteignasalan.is) Sími: 695 8905

Einar Páll Kjærsted  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Blikahöfði 1 - 270 Mosfellsbær**

Rúmgóð 119,3 m<sup>2</sup>, 5 herbergja íbúð með timburverönd á jarðhæð við Blikahöfða 1 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll. **V. 39,8 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

**Prastarhöfði 1 - 270 Mosfellsbær**

Fallegt 116,1 m<sup>2</sup>, 5 herbergja íbúð á jarðhæð með timburverönd og bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, eldhús, hjónaherbergi, þrjú barnaherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sérgeymsla á hæðinni. Þetta er frábær staðsetning, leikskóli, grunnskóli, sundlaug og líkamsrækt í næsta nágrenni. **V. 37,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

**Klapparhlíð 44 - 270 Mosfellsbær**

Fallegt 139,8 m<sup>2</sup> endarahús á einni hæð innst í botnlanga. Eignin skiptist í fjögur herbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu/borðstofu. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gardur í suðvestur. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund, líkamsræktarstöð og á golfvöll. **V. 52,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

**Klettakór 1C - 203 Kóp.**

**Laus strax**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

174,2 m<sup>2</sup>, 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt bílastæði í bílageymslu. Eignin skiptist í þrjú herbergi, tvær forstofur, tvö baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu. Timburverönd í vestur. **V. 56,0 m.**

**Fífuvellir 10 - 221 Hfj.**

**Laus strax**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

217,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur þöllum við Fífuvelli 10 í Hafnarfirði. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu, bílskúr og geymslu. **V. 59,5 m.**

**Rjúpufell 46 - 111 Rvk.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

